

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins

Brussel 10. október 2012

SWD 2012 337

Vinnuskjal starfsfólks framkvæmdastjórnarinnar

ÍSLAND

Framvinduskýrsla 2012

Fylgiskjal með skýrslunni:

Samskipti framkvæmdastjórnarinnar við Evrópuþingið og leiðtogaráðið

Stækkunarstefna og helstu áskoranir 2012 – 2013

{COM (2012) 600}

Þessi þýðing á skýrslu framkvæmdastjórnar ESB um Ísland er unnin af Evrópustofu – upplýsingamiðstöð ESB. Hún er ekki opinber útgáfa heldur eingöngu til upplýsingar. Opinbera útgáfu skýrslunnar er hægt að nálgast á ensku á vefsíðu stækkunarskrifstofu ESB: http://ec.europa.eu/enlargement/index_en.htm

1.	Inngangur.....	3
1.1.	Formáli.....	3
1.2.	Samhengi.....	3
1.3.	Samskipti Evrópusambandsins og Íslands.....	3
2.	Pólítísk viðmið.....	5
2.1.	Lýðræði og réttarreglur.....	5
2.2.	Mannréttindi og verndun minnihlutahópa (<i>sjá einnig kafla 23 – Réttarvarsla og grundvallarréttindi</i>).....	6
3.	Efnahagsleg viðmið.....	7
3.1.	Vel starfhæft markaðshagkerfi.....	7
3.2.	Geta til að takast á við samkeppni og markaðsöfl innan sambandsins.....	13
4.	Getan til að taka á sig skuldbindingarnar sem fylgja aðild.....	14
4.1.	1. kafli: Frjálsir vöruflutningar.....	15
4.2.	2. kafli: Frjáls för vinnuafls.....	15
4.3.	3. kafli: Staðfesturéttur og frelsi til að veita þjónustu.....	16
4.4.	4. kafli: Frjálsir fjármagnsflutningar.....	16
4.5.	5. kafli: Opinber innkaup.....	17
4.6.	6. kafli: Félagaréttur.....	18
4.7.	7. kafli: Hugverkaréttur.....	18
4.8.	8. kafli: Stefna í samkeppnismálum.....	18
4.9.	9. kafli: Fjármálþjónusta.....	19
4.10.	10. kafli: Upplýsingasamfélagið og fjölmiðlar.....	20
4.11.	11. kafli: Landbúnaður og dreifbýlisþróun.....	21
4.12.	12. kafli: Matvælaöryggi og stefna á sviði dýra- og plöntuheilbrigðismála.....	21
4.13.	13. kafli: Sjávarútvegur.....	22
4.14.	14. kafli: Stefna í flutningastarfsemi.....	23
4.15.	15. kafli: Orkumál.....	24
4.16.	16. kafli: Skattamál.....	24
4.17.	17. kafli: Efnahags- og peningamál.....	25
4.18.	18. kafli: Hagtölur.....	26
4.19.	19. kafli: Félags- og atvinnumál.....	27
4.20.	20. kafli: Fyrirtækja- og iðnstefna.....	28
4.21.	21. kafli: Samevrópsk net.....	29
4.22.	22. kafli: Byggðastefna og samræming uppbyggingarsjóða.....	29
4.23.	23. kafli: Réttarvarsla og grundvallarréttindi (<i>sjá einnig pólítísk viðmið</i>).....	30
4.24.	24. kafli: Dóms- og innanríkismál.....	32
4.25.	25. kafli: Vísindi og rannsóknir.....	33
4.26.	26. kafli: Menntun og menning.....	33
4.27.	27. kafli: Umhverfismál.....	34
4.28.	28. kafli: Neytenda- og heilsuvernd.....	36
4.29.	29. kafli: Tollabandalag.....	36
4.30.	30. kafli: Samskipti við önnur ríki.....	37
4.31.	31. kafli: Stefna í utanríkis-, öryggis- og varnarmálum.....	38
4.32.	32. kafli: Fjárhagslegt eftirlit.....	39
4.33.	33. kafli: Framlagsmál.....	39
	TÖLFRÆÐILEGUR VIÐAUKI.....	41

1. INNGANGUR

1.1. Formáli

Þetta er þriðja skýrsla framkvæmdastjórnarinnar fyrir leiðtogaráðið og þingið um þá framþróun sem hefur orðið á Íslandi síðan aðildarviðræður hófust.

Í skýrslunni er:

- lýst í stuttu máli sambandi Íslands og Evrópusambandsins;
- staða Íslands greind með tilliti til þeirra pólitísku viðmiða sem sett eru fyrir aðild;
- staða Íslands greind á grundvelli efnahagslegra viðmiða aðildar;
- endurskoðuð geta Íslands til að uppfylla þær skuldbindingar sem felast í aðild, þ.e.a.s., *réttarreglur ESB* (e. *acquis*) sem lýst er í sáttmálanum, afleiddri löggjöf og í stefnum sambandsins.

Tímabilið sem þessi skýrsla tekur til nær frá október 2011 fram til september 2012. Framvinda er metin á grundvelli þeirra ákvarðana sem teknar eru, löggjöf sem er samþykkt og ráðstöfunum sem koma til framkvæmda. Að öllu jöfnu hefur sú löggjöf eða þau lagafrumvörp sem eru í undirbúningi eða bíða samþykkis þingsins ekki verið tekin með í reikninginn. Þessi nálgun tryggir jafna meðferð í öllum skýrslum og auðveldar hlutlægt mat.

Skýrslan er byggð á upplýsingum sem hefur verið safnað saman og greindar af framkvæmdastjórninni. Auk þess hafa ýmsar heimildir verið notaðar, þar á meðal framlag frá ríkisstjórn Íslands, Evrópusambandsríkjum, skýrslur frá Evrópuþinginu¹ og upplýsingar frá ýmsum alþjóðlegum stofnunum og frjálsum félagasamtökum.

Framkvæmdastjórnin dregur ítarlegar ályktanir varðandi Ísland í sérstakri umfjöllun um stækkunarstefnu ESB², sem er byggð á þeirri tæknilegu greiningu sem er að finna í þessari skýrslu.

1.2. Samhengi

Í framhaldi af álitum framkvæmdastjórnarinnar ákvað leiðtogaráð Evrópusambandsins, á fundi sínum í júní 2010, að opna aðildarviðræður við Ísland. Fyrstu kaflarnir í viðræðunum voru opnaðir í júní 2011. Núna hafa átján kaflar verið opnaðir og hefur tíu þeirra verið lokað til bráðabirgða.

Ísland hefur verið aðili að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) síðan samningurinn öðlaðist gildi árið 1994.

Ísland hefur tekið þátt í þróun Schengen-samstarfsins frá árinu 1996 og hefur beitt ákvæðum þess frá árinu 2001.

1.3. Tengsl Evrópusambandsins og Íslands

Sem aðili að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) þarf Ísland reglulega að innleiða og koma í framkvæmd þeim *réttarreglum* sem falla undir ramma EES. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur áfram eftirlit með því hvernig Ísland uppfyllir EES-samninginn. Eftirlitsstofnun EFTA hefur átt frumkvæði að málarekstri gegn Íslandi hjá EFTA-dómstólnum í fjölda mála þar sem möguleg brot á ákvæðum EES-samningsins hafa verið rannsökuð og leitast við að koma á breytingum á viðkomandi reglum eða framkvæmd á ákvæðum samningsins. Í heild hefur frammistaða Íslands í því að framfylgja skuldbindingum sínum gagnvart EES verið fullnægjandi. Þó er vert að minnast á að á einhverjum sviðum hefur verið vöntun þar á, til að mynda í tengslum við fjármálaþjónustu, matvælaöryggi og frjálst flæði fjármagns. Þá eru tímabundnar hömlur enn í gildi á sumum tegundum fjármagnsstreymis en þær voru innleiddar í kjölfar fjármálakreppunnar árið 2008.

¹ Skýrslugjafi Evrópuþingsins fyrir Ísland er Dan Preda.

² Stækkunarstefna og helstu áskoranir 2012–2013, COM(2012) 600.

Í tengslum við efnahagslegt eftirlit vegna foraðildar tók Ísland þátt í marghliða efnahagslegum viðræðum á milli framkvæmdastjórnarinnar, Evrópusambandsríkja og umsóknarríkjanna. Þeirra á meðal var ráðherrafundur Efnahags- og fjármálaráðsins (ECOFIN) sem haldinn var í maí. Þar að auki var tvíhliða viðræðum milli framkvæmdarstjórnarinnar og Íslands komið á fót til að skiptast á skoðunum varðandi efnahagsmál og stefnumál og var fyrsti árlegi fundurinn haldinn á vettvangi háttsettra embættismanna í nóvember 2011. Viðræðurnar hafa að leiðarljósi hin efnahagslegu Kaupmannahafnarviðmið og snerta því bæði þjóðhagsleg viðfangsefni og málefni sem snúa að uppbyggingu.

Tvíhliða fundir á milli Íslenskra þingmanna og þingmanna Evrópuþingsins verða áfram haldnir með reglulegu millibili. Fjórða sameiginlega þingmannanefnd Evrópuþingmanna og alþingismanna hittist í Reykjavík í apríl 2012.

Fyrsti fundur sameiginlegs samráðshóps Íslands og ESB (*e. EU-Iceland Joint Consultative Committee*) með fulltrúum frá efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins (EESC) og aðilum vinnumarkaðarins á Íslandi fór fram í júlí 2012. Verið er að undirbúa stofnun sameiginlegrar nefndar Sambands Íslenskra sveitarfélaga og svæðanefndar ESB.

Geta Íslands til að takast á við þær skuldbindingar sem fylgja aðild hafa líka verið metnar í ljósi þátttöku landsins í Evrópska efnahagssvæðinu (EES) og teknar eru með í reikninginn undanþágur sem veittar hafa verið í EES-samningnum.

Aðildarviðræðunum hefur miðað áfram. Á skýrslutímabilinu hafa fjórtán kaflar verið opnaðir og þar af hefur átta verið lokað til bráðabirgða. Viðræður héldu áfram um fjölda málefna t.d. varðandi samkeppni, orkumál, félags- og vinnumál og fjármálaeftirlit. Í köflum um félagarétt, hugverkarétt, frjálsa för vinnuafsl, neytenda- og heilsuvernd, réttarvörslu og grundvallarréttindi og utanríkis-, öryggis- og varnarmál hefur viðræðum verið lokað til bráðabirgða. Í heild hefur yfir helmingur samningskaflanna (þ.e. 18) nú verið opnaður og þar af hefur tíu verið lokað til bráðabirgða.

Aðildarferlið að Evrópusambandinu hélt áfram að vekja athygli á pólitískum vettvangi og varð algengara í almenntri umræðu. Klofningur í afstöðu gagnvart aðild að ESB, bæði innan stjórnmalaflokka og milli þeirra, var áfram til staðar á skýrslutímabilinu. Tillaga að ályktun um þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort halda ætti aðildarviðræðuferlinu áfram var felld í þinginu í maí 2012. Skoðanakannanir benda til þess að meirihluti Íslendinga styðji áfram við aðildarviðræður enda þótt meirihluti sé ennþá andvígur aðild. Í janúar 2012 var Evrópustofa – upplýsingamiðstöð ESB formlega opnuð í Reykjavík og gegnir því meginhlutverki að veita upplýsingar um stefnu og stofnanir ESB. Samráðshópur um aðildarviðræður Íslands við Evrópusambandið var settur á fót af utanríkisráðuneytinu í lok árs 2011 en hlutverk hans er að veita upplýsingar um framgang viðræðnanna til almennings og greiða fyrir almenntri umræðu um ferlið á Íslandi. Aðilar í hópnum eru 24 talsins, með ólíkan bakgrunn og skoðanir á Evrópumálum.

Íslandi er veitt **fjárhagsaðstoð** í gegnum fjármögnunarleið við foraðildarstuðning, hina svokölluðu IPA-fjármögnunarleið. Stefnumiðandi forgangsröðun fyrir Ísland vegna IPA-fjármögnunarleiðarinnar var sett fram í leiðbeinandi stefnuskjali (*e. Multiannual Indicative Planning Document - MIPD*) sem gildir fyrir árin 2011 til 2013 og hljóðar fjárhagsáætlunin upp á 30 milljónir evra. Forgangsröðunin tekur til uppbyggingar og eflingar stofnana til þess að innleiða *gerðir ESB* og til að undirbúa og nýta uppbyggingarsjóðinn og aðra sjóði ESB. Önnur landsbundna IPA-fjármögnunarleiðin fyrir Ísland var innleidd í júlí 2012 með fjárhagsáætlun upp á 12 milljónir evra. Rammasamningur um IPA-fjármögnunarleiðina var samþykktur á Alþingi í júní 2012.

Ísland naut áfram aðstoðar í gegnum fjármögnunarleið vegna tæknilegrar aðstoðar og upplýsingaskipta (TAIEX), sem beint var að köflum sem falla ekki, eða aðeins að hluta til, undir EES-samninginn og þar sem eru frávik frá *réttarreglum* ESB.

Sem aðili að EES-samningnum hélt Ísland áfram að njóta góðs af þátttöku í **Evrópuáætlunum**, til dæmis í sjöundu rammaáætluninni um rannsóknir og tæknilega þróun, menntaáætlun

Evrópusambandsins, menningaráætlun Evrópusambandsins og Progress áætlunin (jafnréttis- og vinnumálaáætlun).

2. PÓLÍTIÐSK VIÐMIÐ

Í þessum hluta er staðan á Íslandi metin með tilliti til pólitískra viðmiða fyrir aðild og verður athyglinni beint að þeirri framþróun sem átt hefur sér stað í landinu til að takast á við þá annmarka sem bent var á á síðasta ári.

Á Íslandi er rótgróið og virkt lýðræði og uppfyllir Ísland því áfram hin pólitísku viðmið eins og tekið var fram í álitum framkvæmdastjórnarinnar í febrúar 2010 og í tveimur áður útgefnum framvinduskýrslum fyrir Ísland (í nóvember 2010 og október 2011).

2.1. Lýðræði og réttarreglur

Traustar stofnanir tryggja farsælt lýðræði og áreiðanlegt stjórnskipulag bæði á landsvísu og á vettvangi sveitarfélaga. Hin opinbera stjórnsýsla er í heild sinni skilvirk, gagnsæ og sjálfstæð. Virðing fyrir réttarreglum er tryggð sérstaklega með skilvirkri dómkerfi og hæfum aðilum sem sinna dómsvaldi og löggæslu. Mannréttindi og réttindi minnihlutahópa njóta mikillar og raunverulegrar réttarverndar og virðingar.

Ráðgefandi **Stjórnlagaráð** lauk við yfirgripsmikla endurskoðun á stjórnarskránni og í ágúst 2011 kynnti það tillögur sínar fyrir Alþingi sem síðan þá hefur verið að fara yfir þær. Breytingarnar sem lagðar eru til miða að því að styrkja undirstöður og eftirlit lýðræðis, bæta skilvirkni ríkisstofnana og skilgreina betur hvaða hlutverk og völd þær fara með. Völd Alþingis myndu aukast samhliða því að beint lýðræði með þjóðaratkvæðagreiðslu myndi styrkjast. Nokkrar tillaganna taka á hagsmunaárekstrum og miða að því að styrkja frekar sjálfstæði dómstóla og virðingu fyrir mannréttindum. Alþingi samþykkti að setja stjórnarskrárbreytingarnar í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu sem haldin verður 20. október 2012. Í atkvæðagreiðslunni verða greidd atkvæði um sex spurningar sem tengjast ólíkum tillögum.

Í forsetakosningunum í júní 2012 var núverandi **forseti** Íslands endurkjörinn og situr nú sitt fimmta kjörtímabil í embætti.

Verið er að innleiða lög sem breyta starfsreglum **Alþingis** eftir að þau tóku gildi í september 2011. Þau styrkja pólitískt eftirlit Alþingis með stofnun stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar og er forsætisráðherra gert að kynna árlega skýrslu um eftirfylgni með þingsályktunartillögum. Þá er ráðherrum gert skylt að veita Alþingi upplýsingar um mikilvæg málefni og möguleikar minnihlutans á því að óska eftir upplýsingum eru auknir.

Ríkisstjórnin var stokkuð upp í desember 2011. Ráðherra efnahagsmála og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fóru úr ríkisstjórn. Við þessum tveimur ráðuneytum tók fjármálaráðherra en sæti hans tók leiðtogi þingflokks samstarfsflokksins. Endurbætt lög um stjórnarráð Íslands tóku gildi í september 2011. Þau skýra *meðal annars* sambandið milli ráðuneyta og opinberra stofnanna, skilgreina hlutverk opinberra starfsmanna hvað varðar að veita hlutlæga ráðgjöf til ráðherra, sérstaklega varðandi lögmæti ákvarðana þeirra, og gefur ríkisstjórn og ráðherranefndum jafnframt skýrari ramma.

Á heildina litið er ástand lýðræðis innan sveitarfélaga í samræmi við Evrópusáttmálann um sjálfstjórn sveitarfélaga. Lög voru samþykkt í janúar 2012 sem skýra frekar réttarstöðu, ábyrgð og störf sveitarfélaga. Lög voru samþykkt í júní 2012 sem innihalda leiðbeiningar um hvernig á að hafa eftirlit með fjármálum sveitarfélaga. Fullgilding viðbótarbókunar Evrópusáttmálans um sjálfstjórn sveitarfélaga varðandi réttinn til þátttöku í málefnum sveitarfélaga bíður afgreiðslu.

Góð framvinda hefur orðið á því að koma í framkvæmd þeim ráðleggingum sem settar voru fram af Rannsóknarnefnd Alþingis og hafa þegar verið gerðar umbætur á **stjórnsýslunni** sem þó er almennt mjög skilvirk. Ráðist var í endurskipulagningu ráðuneyta samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar og

var ályktun um það samþykkt í þinginu í maí 2012. Ráðuneytum var fækkað úr tíu í átta í september 2012. Nýju ráðuneytin nefnast fjármála- og efnahagsráðuneytið, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Vinnuaðferðir ríkisstjórnarinnar hafa verið einfaldaðar. Stjórnarráðið tók vinnuaðferðir sínar til gaumgæfilegrar skoðunar til að auka skilvirkni. Reglur um gagnsæjar ráðningarreglur fyrir ríkisstofnanir voru samþykktar í apríl 2012 en reglur um hreyfanleika í opinberri þjónustu eru í undirbúningi.

Starfshópur um gagnsæi og bann við mismunun þegar kemur að einkavæðingu ríkisfyrirtækja, sem skipaður var af forsætisráðherra, skilaði inn tillögum í febrúar 2012. Vinna við að fylgja þessum tillögum eftir er hafin með tillögum að nýrri löggjöf. Stjórnsýsluskóli Stjórnarráðs Íslands hélt áfram með námskeið um málefni eins og starfsmannamál og verkefnastjórnun.

Íslenska **dómskerfið** uppfyllir áfram miklar gæðakröfur. Í september 2012 biðu 186 einkaréttar- og refsímál afgreiðslu í Hæstarétti. Ný mál sem skráð eru í héraðsdómum á fyrri helmingi ársins 2012 voru 8,393 talsins og varðaði mikill hluti þeirra gjaldþrota- og skuldamál. Fjöldi héraðsdómara og hæstaréttardómara, sem var aukinn tímabundið til að fást við aukinn fjölda mála í kjölfar efnahagshrunsins, mun lækka aftur smátt og smátt (*sjá kafla 23 – Réttarvarsla og grundvallarréttindi*). Fjárhagsáætlun fyrir dómskerfið (að undanskildum launagreiðslum til afleysingadómara í Hæstarétti) nam um 8,5 milljónum evra árið 2011, eða 0,08 % af vergri þjódarframleiðslu Íslands. Þessi upphæð hefur aukist í ár (2012) sem nemur um 14 %.

Í apríl 2012 komst Landsdómur að þeirri niðurstöðu að fyrrum forsætisráðherra, sem gegndi embætti þegar fjármálakreppan skall á, hefði verið sekur í einum ákærulið af fjórum sem settir voru fram gegn honum, nánar tiltekið að honum hefði láðst að halda sérstaka ríkisstjórnarfundum áður en fjármálakreppan skall á árið 2008. Honum var ekki gerð nein refsing.

Fjármálaeftirlitið, sem rannsakar möguleg lögbrot fjármálafyrirtækja, hefur verið eft. Samkvæmt árlegri skýrslu eftirlitsins í nóvember 2011, hefur eftirlitið sent 77 mál til skrifstofu sérstaks saksóknara til frekari rannsóknar en hefur hins vegar afgreitt 44 mál án þess að grípa til frekari ráðstafana. Nýr forstjóri hefur verið skipaður yfir stofnuninni. Þeim sem áður gegndi því starfi var sagt upp af stjórn eftirlitsins og ákæra hefur verið sett fram á hendur honum.

Skrifstofa sérstaks saksóknara var áfram skilvirk. Um þessar mundir eru 76 mál sem tengjast bankahruninu 2008 í rannsókn hjá skrifstofu sérstaks saksóknara og þar hafa 130 einstaklingar réttarstöðu grunaðra. Alls hefur sjö málum verið vísað til dómstóla þar sem tólf einstaklingar hafa verið sóttir til saka.

Hvað varðar hagsmunaárekstra í sambandi við **stefnumótun gegn spillingu**, í samræmi við viðkomandi lög frá árinu 2010, var starfsreglum fyrir starfsfólk ríkisstofnana komið á fót vorið 2012. Enn á eftir að koma á fót starfsreglum fyrir almenna opinbera starfsmenn og pólitíska ráðgjafa.

Frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum um að spilling verði gerð refsiverð hefur verið samþykkt af ríkisstjórn og er ætlunin að ná fram fullri framkvæmd á öllum þeim tillögum sem settar voru fram í bráðabirgðasamræmisskýrslu Evrópuráðsins (*e. Interim Compliance Report*) fyrir GRECO, samtök ríkja gegn spillingu. Markmið frumvarpsins er einnig að koma í framkvæmd tillögum frá vinnuhópi Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) um mútur og að fullgilda viðbótarbókun samnings Evrópuráðsins á sviði refsiréttar um spillingu. Enn á eftir að samþykkja frumvarpið í þinginu.

2.2. Mannréttindi og verndun minnihlutahópa (*sjá einnig kafla 23 – Réttarvarsla og grundvallarréttindi*)

Hvað varðar mannréttindi og verndun minnihlutahópa þá stóð Ísland áfram vörð um grundvallarréttindi, þar með talið efnahagsleg réttindi og félagsleg réttindi sem og verndun minnihlutahópa með notkun lagalegra og staðlaðra stjórnartækja og með því að koma þeim í framkvæmd. Á skýrslutímabilinu hefur Mannréttindadómstóll Evrópu dæmt í tveimur málum og

komist að þeirri niðurstöðu að Ísland hafi brotið gegn réttindum sem tryggð eru með Mannréttindasáttmála Evrópu (ECHR). Alls hafa sjö nýjar beiðnir verið sendar til Mannréttindadómstólsins síðan í september 2011 sem gerir heildarfjölda beiðna sem bíða afgreiðslu tólf talsins.

Á skýrslutímabilinu fullgilti Ísland Árórsarsamninginn og sáttmála Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali. Sáttmáli Evrópuráðsins um verndun barna gegn kynferðislegri misbeitingu og kynferðislegri misnotkun var fullgiltur vorið 2012. Í mars 2012 var niðurstaða úttektar SP á stöðu mannréttinda á Íslandi (*e. Universal Periodic Review*) fyrir Ísland samþykkt af Mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna. Hún staðfesti að almennt er staða mannréttinda góð í landinu og gerðar voru nokkrar tillögur, einkum varðandi betri meðferð á innflytjendum. Nýju fjölmiðlalögin mæla fyrir um bann við hatursáróðri og hvatningu til glæpsamlegrar hegðunar í fjölmiðlum á grundvelli m.a. kynþáttar, trúarskoðana eða þjóðernis.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, Samningur Evrópuráðsins um að koma í veg fyrir og berjast gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi og Rammasamningur Evrópuráðsins um verndun þjóðernisminnihluta hafa verið undirritaðir og á eftir að fullgilda þá.

Vinna við undirbúning innlendra aðgerðaáætlunar um virðingu fyrir mannréttindum, sem kynna á fyrir þinginu, hófst á skýrslutímabilinu og voru tveir hópar skipaðir – hópur með fulltrúum frá ráðuneytum annars vegar og ráðgjafahópur skipaður fulltrúum frjálsra félagasamtaka og fræðasamfélagsins.

Eftirlitsnefnd með fjölmiðlum hefur verið komið á fót í samræmi við nýju fjölmiðlalögin. Ríkisstjórnin hefur lagt fram tvö ný frumvörp sem fjalla um samþjöppun eignarhalds á íslenska fjölmiðlamarkaðnum og hlutverk Ríkisútvarpsins (RÚV) auk þess að takmarka umfang þess á auglýsingamarkaði. Þessi frumvörp hafa enn ekki verið samþykkt í þinginu.

3. EFNAHAGSLEG VIÐMÍÐ

Þegar efnahagsleg þróun á Íslandi er skoðuð hefur framkvæmdastjórnin tekið mið af niðurstöðum fundar leiðtoga ráðsins sem haldinn var í Kaupmannahöfn í júní 1993. Í þeim er tekið fram að meðal forsendna þess að ríki geti átt aðild að Evrópusambandinu er vel starfhæft markaðshagkerfi og geta til að takast á við samkeppni og markaðsöfl innan sambandsins.

3.1. Vel starfhæft markaðshagkerfi

Meginatriði efnahagsstefunnar

Á Íslandi er breið pólitísk samstaða um lykilatriði markaðshagkerfisins og að standa vörð um velferðarríkið og er sú hugsun inngróin í íslenskt samfélag. Yfirvöld héldu áfram með endurskipulagningu innlendra skulda, að koma á stöðugleika í fjármálageiranum og aðhaldi í ríkisfjármálum. Í kjölfar fyrstu alþjóðlegu skuldabréfaútgáfunnar eftir efnahagshrunið um mitt ár 2011, tókst að selja skuldabréf að andvirði eins milljarðs bandaríkjadala til erlendra fjárfesta í maí 2012 með 6% vöxtum. Snemmbúnað endurgreiðslur á lánum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Norðurlöndunum hófust í mars 2012 og héldu áfram í júní. Þar að auki endurheimti Ísland stöðu sína í fjárfestingarflokki stærstu matsfyrirtækjanna. Landið skilaði annarri efnahagsáætlun vegna foraðildar (*e. Pre-Accession Economic Programme - PEP*) í janúar 2012. Hún sýnir nokkuð sannfærandi þjóðhagslega sviðsmynd til meðallangs tíma og tiltölulega metnaðarfullan fjárhagslegan ramma. Hvort tveggja er með fyrirvara um töluverða neikvæða áhættu og eru ekki að fullu studd með umbótaágerðum. Á heildina litið hefur efnahagsstefnan miðast að því að skapa frekari stöðugleika.

Þjóðhagslegur stöðugleiki

Eftir djúpa og langa efnahagslægð snerist íslenskur efnahagur loksins til vaxtar árið 2011. Verg landsframleiðsla að raunvirði jókst um 2,6% eftir að efnahagsleg starfsemi hafði minnkað um 4% árið áður. Batinn var drifinn áfram af 2,7% vexti í einkaneyslu, sem naut góðs af bráðabirgðarástöfunum

sem höfðu tekjuaukandi áhrif fyrir heimilin, eins og úttektum á séreignalífeyrissparnaði, tímabundinni aukningu á niðurgreiðslum og tekjutilfærslum, og skuldaafskriftum. Fjárfestingar jukust um 12,8% sem stafaði af næstum 26% aukningu í fjárfestingu í fyrirtækjum. Á sama tíma var framlag nettó útflutnings til vaxtar áfram neikvætt þar sem mikil innlend eftirspurn leiddi til aukningar í innflutningi. Á fyrri helmingi ársins 2012 hélt efnahagurinn áfram að vaxa; vöxturinn var um 2,4%, nokkru minni en búist hafði verið við, og byggðist á kröftugri einkaneyslu og eftirspurn eftir fjárfestingu. Nettó útflutningur var áfram dragbítur á vöxt þar sem innflutningur fór fram úr aukningu í útflutningi. Hagvísar sem byggja á tíðum mælingum og leiðandi hagvísar benda til þess að áfram verði vöxtur á þriðja ársfjórðungi og að byggingariðnaðurinn muni þ.á.m. færast í aukana. Þó að nýleg þróun til vaxtar sé nú á breiðari grundvelli, þá geta veikleikar í efnahagsreikningum fyrirtækja og heimila, erfiðar horfur á heimsvísu og skuldavandi á evrusvæðinu ógnað bataferlinu. Meðaltal tekna á íbúa (miðað við kaupmáttarstaðla) voru áfram 110% af meðaltali ESB árið 2011. Á heildina litið hélt efnahagurinn áfram að batna nokkuð kröftuglega en óvissa ríkir um sjálfbærni vaxtarins.

Þróun í utanríkisverslun bendir til þess að naumum tekjuafgangi verði náð í verslun með vörur og þjónustu, aðallega vegna stórauðsins vöruinnflutnings. Tekjuafgangurinn fór úr um 10,1% af vergri landsframleiðslu (VLF) árið 2010 niður í 8,5% árið 2011 og enn frekar niður í 6,6% á fjórum ársfjórðungum fram í júní 2012. Vegna töluvert minni halla á stöðu tekjuafgangs (*e. net factor income balance*) minnkaði viðskiptahallinn úr 8% af VLF árið 2010 í 7% árið 2011 en samt sem áður jókst hann aftur í 8% á fjórum ársfjórðungum fram í júní 2012. Viðskiptajöfnuðurinn er áfram undir miklum áhrifum frá áföllnum vöxtum þeirra banka sem eru í slitameðferð og endurspeglar það ekki núverandi (eða framtíðar) útstreymi fjármagns. Þegar búið er að leiðrétta þessa þætti þá mælist „undirliggjandi“ viðskiptajöfnuður með mun minni halla eða 1,1% af landsframleiðslu árið 2011, kominn niður úr 2,1% árið 2010, samkvæmt mati Seðlabanka Íslands. Á heildina litið þá hefur tekjuafgangur af viðskiptum með vörur og þjónustu minnkað, þó að ytra ójafnvægi hafi minnkað frá því sem það var fyrir efnahagshrun.

Heildarfjárstreymi til landsins árið 2011 var meira en þurfti til að standa straum af viðskiptahallanum. Þar af leiðandi óx gjaldeyrisvaraforði Seðlabankans um tæp 65% af vergri landsframleiðslu (VLF) í lok ársins. Í mars og júní 2012 endurgreiddi Ísland fyrirfram um 55% af lánum að andvirði 3,5 milljarða evra sem fengust frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Norðurlöndunum með það að markmiði að minnka skammtímaskuldir og kostnað við að halda forða sem fenginn var að láni. Þessar hreyfingar stuðluðu að nokkru falli í þeim birgðum sem til eru af vergum varaforða sem stóð í 45% af áætlaðri VLF í ágúst 2012. Á sama tíma eru miklar erlendar skuldir áfram ein helsta áskorun íslenska hagkerfisins. Tölur um opinberar skuldir sýna að magn vergra erlendra skulda var í kringum 840% af VLF í lok mars 2012. Þegar erlendar skuldir banka og eignarhaldsfélaga í slitameðferð eru hins vegar teknar út þá áætlar Seðlabankinn að magn erlendra skulda sé í kringum 220% af VLF og er nettó fjárfestingastaða Íslands á erlendum vettvangi neikvæð um 52% af VLF. Í samanburði við erlendar skuldir fyrir hrun er þetta hagstætt en þá voru þær um 570% af VLF. Samt sem áður var staða greiðslujöfnuðar Íslands áfram í skjóli gjaldeyrishafta og erlend fjármögnun gæti orðið erfiðari þegar byrjað verður að aflétta gjaldeyrishöftunum. Á heildina litið bendir nýlegt mat á heildarfjárfestingastöðu Íslands til mun lægri erlendar skuldsetningar þegar hún er borin saman við tímabilið fyrir hrun en áhætta og veikleikar eru áfram margir með tilliti til erlendar fjárhagsstöðu Íslands.

Atvinnuleysi var áfram nálægt sögulegu hámarki í landinu, var 7,1% árið 2011, sem þó var nokkuð lægra en þau 7,5% sem mældust árið áður. Lækkunin var aðallega vegna brottfalls af vinnumarkaði frekar en vegna atvinnusköpunar. Atvinnustigið hélst óbreytt frá árinu 2010 en hlutdeild starfsmanna í fullu starfi jókst. Á fyrri helmingi ársins 2012 fór ástandið á vinnumarkaði smátt og smátt batnandi. Atvinnuleysið mældist 7,2% sem er veruleg framför borið saman við 8,2% á sama tímabili 2011. Heildaratvinna jókst um eitt prósent á milli ára. Gögn um skráð atvinnuleysi staðfesta jákvæða þróun snemma árs 2012. Skráð atvinnuleysi minnkaði niður í 4,4% í júlí, sem var lægsta hlutfall síðan í desember 2008 og meðalatvinnuleysi á fyrstu sjö mánuðum ársins var 6,2% samanborið við 7,8% árið áður. Á sama tíma er hlutfall langtímaatvinnuleysis sérstakt áhyggjuefni en það er bæði hátt og fer vaxandi (27% af heildarfjölda atvinnulausra árið 2011). Ennfremur er atvinnuleysi á meðal ungmenna

áfram hátt eða um 16% árið 2011 og 17,1% á fyrsta fjórðungi ársins 2012. Þrátt fyrir mikið atvinnuleysi jókst árleg meðaltalshækkun heildarlauna um tvö prósentustig í 6,8% árið 2011 og jókst enn frekar um næstum tíu prósent á fyrstu sjö mánuðum ársins 2012. Meðalhækkun raunlauna jókst úr 2,8% árið 2011 í 4% á fyrstu sjö mánuðum ársins 2012. Á heildina litið, þrátt fyrir aukinn stöðugleika undanfarið, þá er vinnumarkaðurinn áfram undir áhrifum samdráttarins í kjölfar efnahagshrunsins með háu hlutfalli atvinnuleysis í landinu, sérstaklega á meðal ungmenna og langtímaatvinnulausra.

Seðlabanki Íslands hélt áfram að starfa opinberlega eftir stefnu um verðbólguþolmið sem miðar að því að halda neysluverðshækkun undir 2,5% með vikmörk (*e. tolerance band*) upp á 1,5% í báðar áttir. Eftir að ársverðbólga féll undir verðbólguþolmið Seðlabankans snemma árs 2011, stuðluðu veikara gengi, hækkandi olú-, húsnæðis- og matvælavæð og hærri laun að hækkun verðbólgu í 5,3% í lok árs 2011, og fór því framúr hærri vikmörkum verðbólguþolsins. Verðbólgan jókst enn frekar á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2012 en síðan þá hefur hún fallið niður í 4,1 % í ágúst. Sem mótvægi við hækkandi verðbólgu árið 2011 og snemma árs 2012 hefur peningastefnan verið hert smám saman síðan í ágúst 2011. Stýrivextir (7 daga lánskjör veðsettra skuldabréfa) hafa verið hækkaðir í fimm þrepum í röð og náðu þeir 5,75% í júní. Eftir efnahagshrunið hefur áfangamarkmið peningastefnunnar verið að ná genginu stöðugu og er það stutt með gjaldeyrishöftunum. Árstíðabundin áhrif á íslensku krónuna hafa áfram verið tiltölulega sterk vegna gjaldeyrishaftanna og mikilla áhrifa sjávarútvegsins og ferðamannaíðnaðarins á flæði gjaldeyris. Íslenska krónan lækkaði á fyrstu mánuðum ársins 2012 í samræmi við hin venjulegu árstíðabundnu mynstur og stafar það af ákvörðun nokkurra stórra innlendra fyrirtækja að borga niður skuldir í erlendum gjaldeyri. Sem viðbrögð við óvenjulega miklu útstreymi erlends gjaldeyris greip Seðlabankinn inn í gjaldeyrismarkaðinn í fyrsta skipti síðan árið 2009 með því að selja 12 milljónir evra í mars. Síðan í maí hefur krónan smám saman náð sér á strik og hafði hækkað tiltölulega mikið eða um u.þ.b. 11% um miðjan ágúst, aðallega vegna innstreymis frá ferðamannaíðnaðinum, styrkingu gjaldeyrishafta og minni forðasöfnun markaðsaðila vegna lánaafborgana. Þessi mikla styrking gerði það að verkum að Seðlabankinn tilkynnti í lok júlí að hann hyggðist tvöfalda vikuleg kaup sín á erlendum gjaldeyri í eina milljón evra frá hverjum viðskiptavaka. Þrátt fyrir að gjaldeyrissáhætta virðist takmörkuð til skamms tíma litið undir núverandi stefnu þá gæti hún orðið mun meiri í ljósi þess að þörf er á að gera fjármagnsflutninga frjálsa með tímanum. Á heildina litið hefur hertari afstaða til peningastefnunnar undanfarið stutt við stigvaxandi lækkun verðbólgu og stöðugu gengi hefur nokkurn veginn verið viðhaldið í skjóli gjaldeyrishaftanna.

Stjórnvöld héldu áfram að taka fyrstu skrefin í áætlun sinni um losun fjármagnshafta (*e. capital liberalisation*) sem í meginatriðum hefur það að markmiði að breyta mikilli krónueign erlendra aðila sem eru að mestum hluta skammtímainnlán og ríkistryggð skuldabréf í innlendar langtímaskuldbindingar. Þessar eignir eru taldar vera um 25% af vergri landsframleiðslu en sú tala gæti hækkað verulega þar sem gömlu bankarnir eru í slitameðferð. Fyrsti áfanginn hefur staðið síðan í maí 2011 og hefur Seðlabankinn skipulagt uppboð þar sem eigendum aflandskróna er boðið að kaupa langtíma ríkisskuldabréf eða aðrar innlendar eignir til að minnsta kosti fimm ára. Bankinn hefur haldið nokkur uppboð sem hefur það gert að verkum að minniháttar minnkun hefur orðið á aflandskrónum, eða minna en 10% af því sem eignirnar voru metnar á í upphafi. Annar áfangi hófst í nóvember 2011 en hann gerði fjárfestum kleift að kaupa helming þeirra krónueigna sem nauðsynlegar voru til að framkvæma fjárfestingar sínar í gegnum uppboð og að fjármagna eftirstöðvarnar á íslenska fjármálamarkaðnum (50/50 valkosturinn). Þegar aflandseignir hafa minnkað verulega er hægt að sjá fram á aukið frelsi varðandi gjaldeyrishöft fyrir íbúa landsins. Í kjölfar framlengingar gjaldeyrishaftanna til loka árs 2013 voru reglur hertar snemma árs 2012 til að loka fyrir glufur, afnema undanþágur fyrir einstaka greiðslur af skuldabréfum og til að stýra þeim greiðslum sem koma frá þrotabúum gömlu bankanna. Sérstakur vinnuhópur um afnám gjaldeyrishafta á Íslandi sem komið var á fót af íslenskum stjórnvöldum og framkvæmdastjórn ESB hittist í september 2012 til að meta þróun, horfur og áskoranir í tengslum við afnám núverandi hafta. Á heildina litið hefur framkvæmd stefnu Íslands um að aflétta gjaldeyrishöftunum sóst illa og árangurinn hefur verið takmarkaður.

Aðhald í ríkisfjármálum hélt áfram árið 2011 með verulegum niðurskurði á rekstrarútgjöldum og fjármagnsútgjöldum og með tekjuaukningu í gegnum hærri fjármagnstekjur, eigna- og erfðaskatt og nýjar álögur á banka. Þessar aðgerðir hjálpuðu til við að minnka hallann á ríkisfjármálum frá 10% af vergri landsframleiðslu (VLF) árið 2010 niður í 5,4% árið 2011. Markmið um að ná hallanum niður í 3,4% af VLF náðist ekki, aðallega vegna þess að ríkisábyrgðir voru virkjaðar. Þar að auki varð nokkurt efnahagslegt tap vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um að leggja sitt af mörkum til almennra kjarasamninga með því að auka rekstrarútgjöld. Fjárlögin fyrir árið 2012 hafa það að markmiði að minnka hallann á ríkisrekstrinum niður í 1,4% af VLF. Þau innihalda nýjar hagræðingaraðgerðir (*e. consolidation measures*) sem nema um 1,7 prósent af VLF og er stærstur hluti hagræðingarinnar á tekjuhliðinni (1,2% af VLF). Aðgerðir um aðhald í útgjöldum eru áætlaðar um 0,5% af VLF, og ná yfir niðurskurð í rekstrarútgjöldum, tilfærslum (*e. transfers*) og í fjárfestingum. Frammistaða í ríkisfjármálum á fyrri helmingi ársins 2012 sýndi trausta 11% aukningu á milli ára á tekjum hins opinbera sem er mesta aukning síðan árið 2007. Þetta stafaði að mestu leyti af hærri tekjum af tekjuskatti og að minna leyti af skattlagningu á vörum og þjónustu. Ef miðað er við upphaflegar áætlanir var áfram nokkur efnahagslegur slaki á útgjaldahliðinni og var hann metinn 0,5 til 1% af VLF. Heildarútgjöld hækkuðu í kringum 6,6% og náðu yfir alla meginþætti rekstrarútgjalda, sér í lagi mikla aukningu í launagreiðslum og kostnað vegna greiðslu af lánnum. Útgjöld vegna fjárfestinga opinberra aðila halda áfram að lækka eða í kringum 9% ár frá ári. Hallinn á fyrri hluta ársins mældist 2,5% af VLF (eða 1,2% af áætlaðri VLF fyrir árið) og í samanburði var hann 4,1% á fyrri helmingi árið áður. Á heildina litið hefur dregið úr hagræðingu í ríkisfjármálum undanfarið þrátt fyrir árangursríkar hagræðingaraðgerðir í efnahagsmálum.

Áhætta í ríkisfjármálum er áfram töluverð. Það að koma hömlum á útgjöld hefur reynst enn meiri áskorun í kjölfar efnahagslegra hagræðinga nokkur ár í röð og þrýstingur á útgjaldaukningu virðist fara vaxandi. Veikleikar í íslenska fjárlagarammanum hindra enn skilvirka stjórnun útgjalda ríkisstofnana. Stjórnvöld hafa undirbúið og hafið ráðgjafaferli um frumvarp að samræmdum lögum um fjárhagsáætlanir (*e. organic budget law*) sem hafa það að markmiði að bæta undirbúning og framkvæmd fjárhagsáætlana, stækka umfang fjárhagslegrar skýrslugerðar og auka ábyrgð ríkisstjórnarinnar gagnvart Alþingi. Áhætta er áfram tengd ófyrirséðum skuldbindingum í formi ríkisábyrgða fyrir opinber fyrirtæki. Yfirlýst loforð ríkisstjórnarinnar um að styrkja enn frekar eiginfjárgrunn Íbúðalánasjóðs felur í sér umtalsverðar efnahagslegar aðgerðir sem metnar eru um eitt prósent af VLF. Í ljósi þess að opinberar skuldir eru mjög háar þá er efnahagslegt ráðrúm mjög takmarkað. Þar að auki hafa gjaldeyrishöftin haldið vöxtum neðar en annars væri að vænta ef miðað er við skuldsetningarstigið. Á heildina litið er fjárhagsleg áhætta áfram mikil og aðgerðir er lúta að efnahagslegri hagræðingu og að draga úr útgjöldum eru sérstök áskorun.

Vergar skuldir hins opinbera jukust frá 88,1% af VLF árið 2009 í 98,7% í lok 2011 og skuldastigið er áfram hátt miðað við fyrir hrún en þá var það í kringum 30%. Frekari árangur hefur náðst í að auka sérfræðikunnáttu á stjórnun opinberra skulda til meðallangs tíma. Meðaltal gjalddaga skuldafns ríkissjóðs var lengt í meira en fjögur ár og minnkar áhættu við endurfjármögnun. Hin nýja stefna varðandi stýringu á meðallöngum skuldum (2012-2015) sem gefin var út í mars 2012 staðfestir loforð stjórnvalda um að minnka skuldir ríkissjóðs niður fyrir 75% af VLF fyrir árið 2015 og undir 60% til langframa. Ítarleg löggjöf um að styrkja fjárhag sveitarfélaga var tekin í notkun og kveður hún á um ströng takmörk um skuldsetningu sveitarfélaga. Á heildina litið í ljósi mikilla skulda ríkissjóðs hafa stjórnvöld gripið til frekari nauðsynlegra ráðstafanna til að minnka áhættu við endurfjármögnun og til að styrkja fjárhag sveitarfélaganna.

Efnahagsstefnan, þar sem lögð er mikil áhersla á að skapa gengisstöðugleika, á hagræðingaraðgerðir og endurskipulagningu fjármála heimilanna hefur hjálpað til við að koma á auknum þjódhagslegum stöðugleika, en áhætta og veikleikar eru áfram til staðar. Árleg verðbólga er enn yfir markmiði og verðbólguvæntingar virðast ekki hafa minnkað. Efnahagsleg áhætta hefur aukist og varðveiting gengisstöðugleika er áfram áskorun og hefur þegar allt kemur til alls krafist frekar stífrar efnahagsstefnu. Útfærsla fjárlaga fyrir árið 2012 og fjárhagsáætlanir til meðallangstíma verða áfram prófsteinn á skuldbindingu ríkisstjórnarinnar gagnvart áframhaldandi hagræðingu í fjármálum.

Þjóðhagslegur stöðugleiki náðist með þeirri vernd sem fæst með gjaldeyrishöftunum. Aflétting þeirra í áföngum er áfram lykiláskorun fyrir stefnuna.

Samspil markaðsafla

Verð á vörum og þjónustu réðst sem áður mestmegnis af framboði og eftirspurn nema í landbúnaði þar sem innflutningsvarnir eru áfram miklar. Einkageirinn tekur til nærri 80% af vergri landsframleiðslu. Sumar atvinnugreinar eru áfram í ríkiseigu, eins og orkugeirinn, pósthjónusta og sjónvarps- og útvarpsrekstur. Íbúðalánasjóður er í eigu ríkisins og hélt ríkið áfram meirihlutaeign sinni (81%) í einum hinna þriggja viðskiptabanka, Landsbankanum, og minnihlutaeign í hinum tveimur bönkunum. Ríkið hélt einnig stöðu sinni sem stór fjárfestir í sparissjóðakerfinu þó að mikilvægi kerfisins hafi minnkað verulega þar sem tveir stærstu sparissjóðirnir hafa farið út af markaðnum. Í augnablikinu eru engin áform uppi um að flytja opinbert eignarhald í þessum geirum til einkafjárfesta. Á heildina litið tekur markaðsstarfssemi að mestu mið af frjálsri verðlagningu. Opinbert eignarhald er áfram verulegt í sumum atvinnugreinum og engin áform uppi um einkavæðingu.

Stofnun og slit fyrirtækja

Viðskiptaumhverfið einkennist áfram að litlum kerfishindrunum og stjórnkerfið er almennt skilvirkt. Þegar fyrirtæki er stofnað er boðið upp á hagstæðan regluramma. Áfram eru miklar kerfishindranir í sjávarútvegi, landbúnaði og orkugeiranum og falla þessar greinar ekki undir EES-samninginn. Efnahagsbatinn hefur undanfarið leitt til þess að farið er að stofna fyrirtæki að nýju. Fjöldi nýrra skráðra einkahlutafélaga hefur aukist um 8,8% mánuðina tólf fram að júlí 2012, í kjölfar 23% samdráttar mánuðina 12 þar á undan þegar hin mikla efnahagskreppa hafði enn veruleg áhrif á möguleika nýrra fyrirtækja. Samt sem áður eru heildarskráningar áfram um tveir þriðju af því sem þær voru fyrir efnahagshrunið. Gjaldþrotaskipti ganga almennt vel fyrir sig. Efnahagskreppan gerði það að verkum að stór hluti fyrirtækja var í verulegum fjárhagsvandræðum og hlutfall gjaldþrota árið 2011 var enn tvisvar sinnum hærra en það var fyrir efnahagshrunið. Á tólf mánaða tímabili fram til júlí 2012 dróst fjöldi gjaldþrota fyrirtækja saman í fyrsta skipti eftir hrunið, um nærri 5%, en var samt sem áður þriðjungur hærri en fyrir hrun sem gefur til kynna að verið sé að hagræða og grynnka á skuldum. Á heildina litið eru miklar hindranir í vegi fyrir markaðsinnkomu erlendra aðila í undirstöðuatvinnugreinum. Brotthvarf af markaði hefur gengið vel sem styður við efnahagslega hagræðingu.

Lagakerfi

Lagakerfið stuðlar eftir sem áður að viðskiptavænu fjárfestingarumhverfi. Það býður uppá góða vernd og stendur vörð um eignaréttindi og þá er fyrir hendi skýrt og stöðugt lagaumhverfi sem gerir öllum aðilum kleift að taka rekstrarávarðanir á grundvelli réttaröryggis.

Þróun fjármálageirans

Endurskipulagningu og endurfjármögnun kjarnabankastarfseminnar er að mestu leyti lokið þó að þörf sé á frekari rekstrarlegri og fjárhagslegri endurskipulagningu til að lánastarfsemi bankanna geti hafist á ný. Bönkum fækkaði úr 22 fyrir hrun í 14 eftir hrun og bankarnir starfa einungis innanlands. Þrjú stærstu viðskiptabankarnir eru ásamt Íbúðalánasjóði með markaðshlutdeild upp á 94%. Einkageirinn hefur grynnkað á skuldum og haldið var áfram að styrkja efnahagsreikning bankanna árið 2011 og á fyrri helmingi 2012. Þá minnkuðu lán einkafyrirtækja sem hlutfall af VLF enn frekar og eru metin á 88% af VLF en voru um 90% í lok árs 2010. Það endurspeglar áframhaldandi hagræðingu þar sem tekist er á við óhóflegt ójafnvægi á árum áður. Stjórnvöld héldu meirihlutaeign sinni í einum bankanna og minnihlutaeign í hinum tveimur bönkunum en þar eru meirihlutinn (óbeint) í eigu erlendra aðila. Eiginfjárhlutfall bankanna þriggja jókst í 23% á fyrri helmingi ársins 2012 úr 22,1% árið áður. Það er vel yfir lágmarkskröfunni sem er 16%. Allir bankarnir sýndu áfram hagnað með arðsemi eiginfjár upp á 11,5% á fyrri helmingi ársins 2012 en var 16% árið áður en bankar eru með tiltölulega hátt kostnaðarhlutfall miðað við tekjur og eignir (*e. cost-to-income and cost-to-asset*). Þar að auki gæti

dómur Hæstaréttar í febrúar 2012, um uppgjör ólöglegra gengistryggðra lána, haft veruleg áhrif á gæði efnahagsreikninga bankanna og dregið úr framtíðarhagnaði. Hins vegar gerir Fjármálaeftirlitið ráð fyrir því að áhrifin verði takmörkuð, sér í lagi vegna tiltölulega hás eiginfjárlutfalls. Að lokum má nefna að áfram er skekkja í innlánsvöxtum vegna gjaldeyrishaftanna og veitir það innlendu bönkunum samkeppnisforskot sem mun hverfa þegar byrjað verður að aflétta höftunum.

Bankarnir standa frammi fyrir töluverðum veikleikum þar sem gæði eigna eru háð töluverðri óvissu og líklegt er að fjárhagslegur óstöðugleiki haldi áfram í nokkurn tíma. Endurskipulagning skulda hélt áfram og leiddi til viðuráðanlegri skuldastöðu heimilanna. Skuldir heimila minnkuðu enn frekar niður í 110% af VLF í mars 2012 en þær höfðu farið upp í 130% árið 2009. Skuldir fyrirtækja minnkuðu niður í 194% af VLF, eftir að hafa náð hámarki í 380% í lok árs 2008. Samt sem áður er hlutfall einkaskulda enn á meðal þess hæsta sem gerist í iðnvæddum löndum og heimili og fyrirtæki búa enn við töluverðar fjárhagslegar hömlur. Hlutdeild afskriftalána hélt áfram að minnka verulega frá 40% í lok árs 2010 en er þó enn hátt, eða 23% (lok árs 2011) og rúm 20% (mitt ár 2012)³ og vanskil eru áfram algeng. Gjalddeyrisstaða bankanna veiktist í kjölfar fyrri dóms Hæstaréttar um ólögsmæti vissra gengistryggðra lána, og endurreikningum á þeim yfir í lán í íslenskum krónum. Samt sem áður er áfram lagaleg óvissa varðandi sumar tegundir lána og hefur það slæm áhrif á virði þeirra. Varðandi fjármögnunarhliðina héldu bankarnir áfram að treysta aðallega á innlend innlán þar sem bein erlend fjárfesting og aðgangur að erlendu lánsfjármagni er áfram takmarkaður, nema fyrir ríkissjóð. Lögboðnar lausafjárkvaðir voru áfram meira en uppfylltar út árið 2011. Sparnaður var áfram læstur inni af gjaldeyrishöftum og auðveldaði það innlenda fjármögnun bankanna. Á heildina litið þá miðar endurskipulagningu bankageirans og skulda áfram en töluverð óvissa er áfram varðandi gæði eigna bankanna.

Meiri árangur hefur náðst í því að styrkja eftirlitsaðgerðir og regluverk banka og þar á meðal með tilurð skipulags um skilvirka samræmingu á milli Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins (FME). Mat á kjarnareglum um bankaeftirlit samkvæmt Basel-reglunum (e. *Basel Core Principles Assessment of Effective Bank Supervision*) var lokið um miðjan apríl 2012. Á þeim grundvelli hefur Fjármálaeftirlitið þróað tveggja ára aðgerðaáætlun til þess að loka fyrir þær gloppur sem enn eru til staðar í eftirlitskerfinu. Verið er að innleiða ný áhættustjórnunartæki. Eftirlit þarf að styrkja enn frekar til þess að það sé í samræmi við bestu alþjóðlegar starfsvenjur og til að loka fyrir gloppur í eftirliti.

Á fjármálamarkaði eru starfandi, auk bankanna, hinn ríkisrekni Íbúðalánasjóður, lífeyrissjóðir, tryggingarfélag og verðbréfa-, fjárfestinga- og stofnanasjóðir. Stjórnvöld lögðu 206 milljónir evra inn í Íbúðalánasjóð árið 2011 til þess að hækka eigið fé sjóðsins um rétt yfir 2% af áhættuvegnum eignum sem er samt sem áður langt undir 5% langtímamarkmiðinu. Hins vegar féll eiginfjárlutfall aftur á fyrri helmingi ársins 2012 niður í 1,4% vegna áframhaldandi taps á starfseminni. Ríkisstjórnin lýsti yfir einurð sinni um að styrkja eiginfjárgrunn sjóðsins að hinu lögboðna lágmarki um leið og betri upplýsingar eru fáanlegar um það tap sem verður af endurskipulagningarferli fyrirtækja í einkageiranum. Yfirvöld hófu einnig vinnu við ítarlega endurskoðun á starfsemi sjóðsins og stöðu hans í hinu endurreista íslenska fjármálakerfi og er búist við að þeirri skoðun verði lokið í lok árs 2012. Á heildina litið hafa ýmis skref verið tekin til að endurreisa fjármálastofnanir utan banka en endurbætur á starfsemi Íbúðalánasjóðs eru ennþá áskorun í ljósi þess að draga úr ábyrgðaskuldbindingum stjórnvalda.

Innlendur hlutabréfamarkaður gegnir áfram miklu minna hlutverki í fjármálaþjónustu en hann gerði fyrir hrun. Velta á hlutabréfamarkaði á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2012 var nokkurn veginn óbreytt frá sama tímabili árið áður á meðan hlutabréfávísitalan hækkaði um 19%. Heildarmarkaðsvirði allra skráðra hlutabréfa er aðeins í kringum 20% af VLF (um mitt ár 2012) í samanburði við í kringum 120% af VLF fyrir hrun. Hins vegar hefur skuldabréfamarkaðurinn endurheimt umsvif sín í viðskiptum og hefur náð sama stigi og fyrir hrun. Á heildina litið hefur

³ Vanskilahlutfall miðað við þá skilgreiningu að ef eitt lán er í vanskilum þá eru öll lán viðkomandi í vanskilum (e. *cross-default rate*). Ef þessi aðferð er ekki notuð var hlutfall lána í vanskilum (NPL) 11,8% í lok ársins 2011.

innlendum fjármálamarkaður heldur rétt úr kútnum í krafti líflegri skuldabréfamarkaðar þótt enn sé grunnt á hlutabréfamarkaði.

3.2. Geta til að takast á við samkeppni og markaðsöfl innan sambandsins

Vel starfhæft markaðshagkerfi

Efnahagur landsins hélt áfram að ná sér á strik eftir langa og harða niðursveiflu í kjölfar hrunsins. Endurskipulagning skulda einkageirans hefur miðað enn frekar áfram og hefur það almennt bætt fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja og stuðlað að þjóðhagslegum stöðugleika. Stjórnvöld eiga von á því að endurskipulagningarferlinu verði lokið í lok ársins 2012 þó að efnahagsreikningur margra einkafyrirtækja sé enn viðkvæmur. Skilvirk ráðstöfun fjármagns mætir enn hindrunum í hluta efnahagskerfisins sökum veikleika í fjármálageiranum, öflugra gjaldeyrishafta og mikilla aðgangshindrana í sumum atvinnugreinum. Á heildina litið eru endurbætur á fjármálamörkuðum og fækkun aðgangshindrana í sumum atvinnugreinum áfram töluverð áskorun.

Mannauður og atvinnutæki

Efnahagskreppan kom mjög hart niður á vinnumarkaði. Atvinnuþátttaka minnkaði enn frekar árið 2011 og náði sögulegu lágmarki í 80,4% (samanborið við 83,3% fyrir hrun). Atvinnuþátttaka er samt sem áður mikil í alþjóðlegum samanburði. Hlutfall hlutastarfa minnkaði niður í 24% (frá 27% árið áður) og heildar meðaltalsfjöldi vinnustunda á viku jókst í 40 (úr 39 árið 2010). Fólksflutningar úr landi gætu hafa komið í veg fyrir að atvinnuleysisstigið hækkaði enn hraðar en brottflutningur gæti haft í för með sér að fagkunnátta tapist. Brottflutningur hefur þó minnkað verulega síðan árið 2009. Atvinnuleysi er enn vandamál, sér í lagi á meðal ungmenna og verkafólks með litla færni sem mynda stóran hluta þess hóps sem er atvinnulaus.

Sá hluti ungs fólks sem er hvorki í námi né á vinnumarkaði hefur aukist verulega. Því hefur tilraunum til að bjóða upp á endurmenntun, menntun, virk vinnumarkaðsúræði og símenntunarleiðir verið haldið áfram með það að markmiði að endurbjálfa og bæta kunnáttu vinnuaflsins. Ríkisstjórnin kynnti aðgerðir til að veita öllum aðilum undir 25 ára aldri ókeypis framhaldsmenntun. Heildarútgjöld til menntunar voru í kringum 7,8% af VLF árið 2011 og báru heimilin 10% af heildarkostnaðinum. Á heildina litið er mannauðurinn enn töluvert vannýttur þar sem atvinnuleysi er ennþá mjög mikið í landinu. Aðgerðir sem nýlega voru kynntar varðandi menntun og starfsmenntun taka á sumum þessara vandamála.

Ríkulegar uppsprettur vatnsafls og jarðvarmafls hafa dregið til sín verulegar erlendar fjárfestingar í áliðnaði á liðnum árum. Þó að fjármálakreppan hafi hægt á fjárfestingum eru nokkur ný verkefni í undirbúningi en áframhaldandi áhættufærni á fjármálamörkuðum virðist hafa seinkað fyrirhuguðum verkefnum. Hlutfall fjárfestinga af vergri landsframleiðslu (VLF) náði sögulegu lágmarki í 12,9% árið 2010 og jókst heldur í 14,1% árið 2011 en er þó enn greinilega undir langtímameðaltali fyrir hrun sem var 22%. Á sama tíma sýnir hrun í fasteignaviðskiptum og mannvirkjagerð að komið er á jafnvægi í kjölfar mikillar uppsveiflu undangengin ár. Opinberar fjárfestingar minnkuðu einnig, frá langtímameðaltali upp á 3,7% af VLF niður í 2,2% árið 2011. Innstreymi beinnar erlendra fjárfestinga minnkaði árið 2011 en var samt sem áður frekar hátt eða um 7,4% af VLF og hækkaði það heildarumfang innstreymis beinnar erlendra fjárfestinga í um 95% af VLF, úr 85% árið áður. Varðandi framtíðar fjárfestingamöguleika er Ísland að innleiða víðtæka áætlun um kortlagningu á nýtingu orkuauðlinda og eru þær flokkaðar í svæði til verndunar og til nýtinga. Niðurstöður þessarar áætlunar voru kynntar þinginu snemma árs 2012. Á heildina litið nýtur landið áfram góðs af sterkum innviðum og ríkulegum náttúruauðlindum og gefur það til kynna verulega möguleika á fjárfestingu.

Skipulag atvinnugreina og fyrirtækja

Þó að vöxtur hafi verið í nýjum sviðum innan framleiðslu og þjónustu undanfarin ár, einkum hátæknigreinum eins og hugbúnaðargerð, lyfjaiðnaði og líftækni, þá er iðnaðarstarfsemi í íslensku hagkerfi ekki mjög fjölbreytt. Iðnaður (annar en byggingastarfsemi) er fremur lítil atvinnugrein, fyrst

og fremst er um að ræða álframleiðslu, og stendur undir rúmlega 9% af framleiðslunni og tekur til sín um fimmting vinnuaflsins. Hlutfall mannvirkjagerðar af VLF hefur lækkað verulega, frá um 11% uppgangsárið 2007 niður í um það bil 4% af VLF árin 2010 og 2011, sem endurspeglar hagræðingu í yfirskuldsettum geira og lok stórra orkutengdra verkefna. Hlutdeild þjónustugeirans í heildarframleiðslu minnkaði nokkuð í tengslum við kreppuna, fyrst og fremst vegna minni starfsemi á fasteignamarkaði, í smásöluverslun og í fjármálaþjónustu. Samt sem áður er þjónusta um tveir þriðju af efnahagskerfinu og tekur til sín næstum þrjá fjórðu vinnuaflsins. Ferðaþjónusta og samgöngur skiluðu eins og áður miklum gjaldeyrstekjum og hefur mikilvægi þessara atvinnugreina verið að aukast jafnt og þétt. Hlutdeild þeirra var um fjórðungur af heildarútflutningstekjum árið 2011 sem stafar af 20% aukningu í komu erlendra ferðamanna árið 2011. Hlutfall sjávarafurða og vara úr hráali í vöruútflutningi jókst upp í 80%. Hlutdeild þjónustu, aðallega í ferðaþjónustu og samgöngum, var áfram nokkuð stöðug árið 2011 eða um 35% af heildarútflutningi. Mikilvægi lítilla fyrirtækja í hagkerfinu er áfram mikið og nær til 70% vinnuafls og framleiðslu. Á heildina litið hefur hagræðing eftir hrun áfram haft áhrif á skipulag atvinnugreina í hagkerfinu; sér í lagi á ferðamannaíðnaðinn og samgöngur sem hafa öðlast aukið mikilvægi.

Áhrif ríkisins á samkeppni

Hlutfall ríkisstyrkja nam um 1,7% af VLF árið 2011 og lækkaði um 0,1% frá 2010. Landbúnaður, sem er fremur lítt umfangi, naut áfram góðs af ríkisstyrkjum, innflutningsvernd og framleiðslukvótum. Sumar atvinnugreinar, til að mynda orkuframleiðsla og sjávarútvegur, njóta enn verndar gegn erlendu eignarhaldi. Sjávarútvegurinn fær enga ríkisaðstoð. Fjarskiptageirinn hefur verið gefinn frjálst og er í einkaeigu með ríkisafskipti takmörkuð við fjárfestingu í innviðum á afskekktum svæðum. Á heildina litið eru ríkisafskipti veruleg á sumum sviðum og þar á meðal í bankageiranum.

Efnahagsleg samþætting við Evrópusambandið

Ísland er opið hagkerfi og nema heildarviðskipti með vörur og þjónustu um 108% af VLF. Útflutningsgreinar landsins einkennast enn af fremur lítt fjölbreytni. Meiri fjölbreytni einkennir innflutninginn og endurspeglar það að landið er háð innflutningi á margvíslegum framleiðsluvörum og hrávörum. Ríki Evrópusambandsins eru eftir sem áður helstu viðskiptalönd Íslands jafnvel þótt að hlutdeild þeirra í íslenskum vöruútflutningi hafi minnkað nokkuð, niður í 75% á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2012 í samanburði við 81% árið áður. Rétt yfir 40% innflutnings kemur frá ESB. Erlend fjárfesting kemur nánast eingöngu frá Evrópusambandslöndum. Á heildina litið var samþætting við Evrópusambandið á sviði utanríkisviðskipta og fjárfestinga mikil eins og áður hefur verið.

Lauslegar áætlanir benda til þess að meðalframleiðni vinnuaflsins héldist óbreytt árið 2011 í samanburði við 2010. Af þessum sökum hækkaði kostnaður á hvert unnið ársverk í samræmi við heildarlaunakostnað og jókst að meðaltali um 6% í framleiðslugeiranum. Árið 2011 féll gengi krónunnar um 3,5% gagnvart evrunni. Hún hélst nokkuð stöðug gagnvart öðrum myntum (að nafnvirði) og mældist smávægileg styrking á raunvirði (*e. real effective terms*) sem var áframhaldandi þróun frá árinu áður. Samkvæmt mati þá er raungengið áfram um 20% fyrir neðan langtíma meðaltalið. Á heildina litið nýtur Ísland enn góðs af sterkri samkeppnistöðu sinni varðandi verðlagningu gagnvart helstu viðskiptaaðilum og er það afleiðing verulegrar gengisrýrnunar krónunnar í efnahagskreppunni.

4. GETAN TIL AÐ TAKA Á SIG SKULDBINDINGARNAR SEM FYLGJA AÐILD

Í þessum hluta er greind geta Íslands til að taka á sig þær skuldbindingar sem fylgja aðild – þ.e. í réttarreglum ESB, eins og þær eru settar fram í sáttmálunum, afleiddri löggjöf og stefnum sambandsins. Hér verða einnig greindir burðir íslensku stjórnarsýslunnar til að innleiða réttarreglur ESB. Greiningin skiptist í samræmi við lista yfir hina 33 gerðakafla ESB. Á hverju sviði nær mat framkvæmdastjórnarinnar yfir framþróun sem orðið hefur á skýrslutímabilinu og tekur saman yfirlit yfir heildarviðbúnað landsins til að takast á við aðild.

4.1. 1. kafli: Frjálsir vöruflutningar

Ísland hefur nú aðlagast að miklu leyti á þessu sviði vegna aðildar að EES-samningnum, þó með örfáum undantekningum.

Engin þróun hefur orðið í lagasetningu á sviði **meginreglnanna**. Löggjöf um áfenga drykki hefur enn ekki verið samþykkt.

Ísland beitti áfram *gerðum* um *stöðlun* á sviði **þverlægra ráðstafana**. Engin þróun hefur orðið á sviði *samræmismats* þar sem Ísland hefur ekki enn náð fullri aðlögun að *gerðum ESB* sem ná yfir stofnun sameiginlegs ramma um markaðssetningu á vörum.

Engin þróun hefur orðið varðandi *faggildingu* þar sem faggildingarsvið Einkaleyfastofunnar hefur enn ekki verið metið af jafningum (*e. peer-evaluated*). Framþróun hefur orðið á sviði *mælitækni* þar sem Ísland hefur aðlagast sig að tilskipun um mælieiningar.

Nokkur framþróun hefur orðið á sviði *markaðseftirlits* með því að Ísland gaf út fyrstu innlendu áætlunina um markaðseftirlit í janúar 2012. Frekari endurbóta er þörf á getu stjórnarsýslunnar og innri og ytri samræmingu markaðseftirlits.

Hvað varðar „**gamla verklagið**“ varðandi **löggjöf um framleiðsluvörur** (*e. 'Old Approach' product legislation*) þá hefur aðlögun Íslands að *réttarreglum ESB* miðað vel áfram. Engin framþróun hefur orðið á sviði vélknúinna ökutækja þar sem Ísland hefur ekki tekið upp *réttarreglur ESB* varðandi innflutning ökutækja. Ljúka þarf aðlögun að nýjustu *gerðum ESB* á hvað varðar meðferð á hættuefnum (REACH) sem og á sviði lyfjatækni. (*Sjá einnig kafla 27 – Umhverfi*)

Framfarir hafa náðst varðandi hið „**nýja, alþjóðlega verklag**“ við **vörulöggjöf** (*e. 'New and Global Approach' product legislation*) og hvað varðar **málsmeðferðir**. Í tilfelli löggjafar um mælitækni hefur Ísland lagað sig vel að tilskipun um mælitæki að því er varðar nýtingu á hámarksfráviki. Á sviði lækningatækja hefur aðlögun náðst með tilskipun um sjúkdómsgreiningar á tilraunastofum. Mannvirkjastofnun var stofnuð og tók yfir ábyrgð á markaðseftirliti með rafbúnaði sem er hluti af mannvirkjum.

Þörf er á áframhaldandi aðlögun að löggjöf sér í lagi er varðar þrýstibúnað, lágspennubúnað, leikföng og byggingavörur.

Niðurstaða

Á heildina litið þá aðlagast Ísland mjög vel að *gerðum ESB* á sviði frjálsra vöruflutninga. Framvinda hefur orðið á sviði mælitækni og markaðseftirlits. Aðlögun þarf að ljúka að löggjöf er varðar þverlægar ráðstafanir, „gamla verklaginu“ um vörulöggjöf (bifreiðaiðnaður, skrá bandalagsins um íðefni (REACH) og lyf) og „nýja, alþjóðlega verklaginu“ er varðar vörulöggjöf. Bæta þarf getu stjórnarsýslunnar, þar með talið á sviði markaðseftirlits.

4.2. 2. kafli: Frjáls för vinnuafls

Ísland hefur nú þegar náð mikilli aðlögun og beitir *réttarreglum ESB* á þessu sviði vegna aðildar sinnar að EES-samningnum, með nokkrum undantekningum.

Að því er varðar **aðgang að vinnumarkaði** þá hefur Ísland haldið áfram að beita *gerðum ESB*. Frá og með janúar 2012 hefur hömlum á frjálsu flæði vinnuafls frá Rúmeníu og Búlgaríu verið aflétt.

Engin frekari þróun hefur orðið varðandi EURES, samevrópsku ráðningaþjónustuna sem Ísland er nú þegar fullur þátttakandi í.

Góð framvinda hefur orðið varðandi **samræmingu almannatryggingakerfa**. Í júní 2012 tók Ísland upp nútíma samræmingarreglur á þessu sviði. Ísland mun þurfa að víkka út þessar reglur til að þær nái einnig til íbúa landa utan EES sem hafa löglega búsetu og að innleiða viðeigandi réttarreglur

Evrópusambandsins við inngöngu. Þjálfar þarf starfsfólk frekar hvað varðar hinar nýju samræmingarreglur ESB. Undirbúningur rafrænnar gagnamiðlunar innan EESSI kerfisins, sem heldur utan um rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar, miðar áfram með þátttöku í sérstökum stýrihópi á vegum ESB. Vinna við að koma upp aðgangspunkti fyrir kerfið þokast áfram.

Evrópska sjúkratryggingaskírteinið er í notkun á Íslandi.

Niðurstaða

Almennt er Ísland mjög í takti við *réttarreglur ESB* hvað varðar frjálst flæði vinnuafis. Góð framvinda hefur orðið varðandi samræmingu almannatryggingakerfa þar sem nútímalegar reglur hafa verið innleiddar. Ísland mun þurfa að víkka út þessar reglur til að ná einnig til þeirra sem hafa lagalega búsetu í landinu en eru ríkisborgarar landa utan EES og að halda áfram undirbúningi kerfis sem heldur utan um rafræna gagnamiðlun.

4.3. 3. kafli: Staðfesturéttur og frelsi til að veita þjónustu

Ísland hefur aðlagast að miklu leyti og beitir talsverðum hluta *réttarreglna ESB* á þessu sviði vegna aðildar sinnar að EES-samningnum.

Framvinda hefur orðið hvað varðar **staðfesturétt og frelsi til að veita þjónustu yfir landamæri**. Stjórnarsýslulegar starfskröfur fyrir alþjóðlegar starfsmannaleigur hafa verið aðlagðar að *gerðum ESB*. Þrátt fyrir að verið sé að innleiða þjónustutilskipun (*e. Services Directive*) eru nokkrar hömlur enn til staðar varðandi staðfesturétt og þjónustufrelsi í sjávarútvegi. (*Sjá einnig kafla 13 – Sjávarútvegur*)

Engin þróun hefur orðið á sviði pósthjónustu. EES og EFTA ríkin, þar á meðal Ísland, hafa hingað til staðið gegn ákvörðun varðandi upptöku þriðju tilskipunarinnar um pósthjónustu sem hluta af EES-samningnum. Vinnuhópur var skipaður í janúar 2012 af innanríkisráðuneytinu sem á að vinna að endurskoðun á íslensku löggjöfnni um pósthjónustu.

Góð framvinda hefur orðið á sviði **gagnkvæmrar viðurkenningar á starfsmenntun og hæfi**. Ísland hefur aðlagð sig að þeim þáttum sem út af stóðu er varðar tilskipun um gagnkvæma viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi. Hins vegar eru skilyrði í íslenskri löggjöf um viðurkenningu á menntun og hæfi heilbrigðisstarfsfólks frá öðrum EES-ríkjum sem eru ekki í samræmi við tilskipunina.

Niðurstaða

Á heildina litið er aðlögun að *réttarreglum ESB* mikil varðandi staðfesturétt og frelsi til að veita þjónustu. Ísland hefur nú náð nánast fullri aðlögun að *réttarreglum ESB* á sviði gagnkvæmrar viðurkenningar á starfsmenntun og hæfi. Aðlögun að þriðju tilskipuninni um pósthjónustu á ennþá eftir að nást og aflétta þarf núgildandi hömlum í sjávarútvegi. Tryggja þarf að stjórnarsýslan hafi burði til að innleiða og framfylgja með skilvirkum hætti reglum og stefnum ESB.

4.4. 4.kafli: Frjálsir fjármagnsflutningar

Ísland beitir hluta *réttarreglna ESB* á þessu sviði vegna aðildar sinnar að EES-samningnum. Áfram er fjöldi undanþága verulegur, einkum í tengslum við hin víðtæku gjaldeyrishöft á Íslandi og hömlur á frjálsum fjármagnsflutningum á milli Íslands og þriðju landa.

Engin framvinda hefur orðið á sviði **fjármagnsflutninga og útgreiðslna**. Löggjöf sem leyfir framlengingu tímabundinna gjaldeyrishafta frá árinu 2011 til ársins 2013 var samþykkt. Fyrsta áfanga hvað varðar afléttingu gjaldeyrishafta var haldið áfram með hvata fyrir meðallangar og langtíma fjárfestingar aflandskróna á Íslandi en það var gert með gjaldeyrissuppbóði og sölu ríkisskuldabréfa í erlendum gjaldmiðlum. Lögum um gjaldeyrismál var breytt í mars 2012 til að koma í veg fyrir að farið væri á svig við gjaldeyrishöftin í gegnum skuldabréfamarkaðinn og til að herða stýringu á fjármagnsstreymi í tengslum við slit hinna föllnu íslensku banka. Í samræmi við sérstakar reglur í EES-samningnum, kvað EFTA-dómstóllinn upp úrskurð í desember 2011 um að neyðarástand á

Íslandi eftir efnahagshrunið hefði réttlætt fjölda verndarráðstafana sem nauðsynlegar voru til að tryggja þjóðhagslegan og fjárhagslegan stöðugleika. Heildarstefna Íslands varðandi gjaldeyrishöftin er samt sem áður ekki í samræmi við kröfur *gerða ESB*.

Í maí 2012 sammæltust ríkisstjórn Íslands og framkvæmdastjórn ESB um að koma á fót vinnuhópi um afléttingu gjaldeyrishafta á Íslandi með það að markmiði að meta stöðu, horfur og áskoranir í tengslum við afléttingu gildandi hafta. Hópurinn hélt sinn fyrsta fund í september 2012 (*sjá einnig undir Efnahagsleg viðmið*).

Engin framvinda hefur orðið varðandi afléttingu á þeim hömlum sem eru á erlendri fjárfestingu í sjávarútvegi, sem ekki eru í samræmi við *réttarreglur ESB*. (*Sjá einnig kafla 13 – Sjávarútvegur*) Þá hefur engin framvinda orðið varðandi afléttingu á fjárfestingarhömlum gagnvart borgurum utan EES á sviðum er varða orku, fasteignir og flutninga í lofti.

Engin framvinda hefur orðið á sviði **greiðslukerfa**. Vinna við aðlögun að nýrri tilskipun ESB um rafeyri (*e. e-money*) heldur áfram.

Nokkur þróun hefur orðið í **baráttunni gegn peningaþvætti**. Í júní 2012 breytti þingið núgildandi lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka með það að markmiði að innleiða tillögur sem gerðar voru af fjármálaaðgerðahópnum (*e. Financial Action Task Force*). Samt sem áður eru ýmsir annmarkar sem enn þarf að taka á, þar á meðal undirmönnun peningaþvættisskrifstofunnar (*e. Financial Intelligence Unit*). Enn á eftir að framkvæma að fullu þriðju tilskipunina um baráttu gegn peningaþvætti.

Niðurstaða

Í heildina þá beitir Ísland hluta af *réttarreglum ESB* er varða frjálsa fjármagnsflutninga. Áfram eru undanþágur, einkum í tengslum við hömlur á fjárfestingu í sjávarútvegi og víðtæk gjaldeyrishöft. Enn þarf að styrkja stjórnarsýsluna þannig að peningaþvættisskrifstofan sé í stakk búin til að sinna hlutverki sínu.

4.5. 5. kafli: Opinber innkaup

Ísland hefur nú þegar náð að aðlagast vel og beitir *gerðum ESB* á þessu sviði vegna aðildar að EES-samningnum, með nokkrum undantekningum.

Ísland hefur náð fullri aðlögun að **meginreglum réttarreglna ESB**.

Þónokkur framvinda hefur orðið varðandi **gerð opinberra samninga**. Ísland hefur ákveðið að ekki verði komið á fót ráðgefandi ráði um opinber innkaup þar sem reglulegir samráðsfundir með hagsmunaaðilum hafa reynst vera fullnægjandi. Vefsíða sem birtir útboðsauglýsingar íslenskra stjórnvalda er í undirbúningi og er búist við því að hún auðveldi söfnun tölfraðilegra upplýsinga um opinber innkaup. Enn á eftir að innleiða tilskipun um útboð vegna varnarmála í íslensk lög.

Stjórnarsýslan í fjármálaráðuneytinu hefur verið styrkt með ráðningu starfsmanns í fullt starf við það að sjá um mál er varða opinber innkaup. Ríkiskaup hafa einnig ráðið þrjá viðbótarstarfsmenn og eru starfsmenn hjá stofnuninni nú 25 talsins.

Nokkur framvinda hefur orðið varðandi **úrræði**. Tvær tæknilegar tilskipanir hafa verið innleiddar frá og með júní 2012. Ísland á enn eftir að aðlaga sig að tilskipun um úrræði (*e. Remedies Directives*).

Niðurstaða

Á heildina litið þá er þróun Íslands er varðar opinber innkaup góð. Staða aðlögunar og innleiðingar á þessu sviði er áfram fullnægjandi, að undanskildum tilskipunum um úrræði og útboð til varnarmála.

4.6. 6. kafli: Félagaréttur

Ísland hefur þegar aðlagast að miklu leyti og beitir verulegum hluta af *réttarreglum ESB* á sviði félagaréttar (*e. company law*) vegna aðildar að EES-samningnum.

Framfarir hafa orðið varðandi **félagarétt**. Lög um tilkynninga- og upplýsingaskyldu í tilfellum samruna og uppskiptingar fyrirtækja voru innleidd í febrúar 2012, í því skyni að aðlaga íslensk lög að annarri, þriðju og sjöttu tilskipun um félagarétt (*e. Company Law Directives*) og við tilskipun um samruna hlutafélaga yfir landamæri (*e. Directive on cross-border mergers of limited liability companies*). Enn á eftir að ljúka aðlögun að tilskipun um réttindi hluthafa.

Engin frekari framvinda hefur orðið á sviði **reikningsskila fyrirtækja**. Enn á eftir að ná aðlögun að tilskipun um sérstaka birtingarkröfu fyrir millistór fyrirtæki og skyldu til að gera samstæðureikningsskil.

Engin frekari framvinda hefur orðið á sviði **endurskoðunar**. Ísland hélt áfram að beita gildandi *réttarreglum ESB* á þessu sviði. Enn á eftir að ljúka aðlögun að alþjóðlegum þáttum tilskipunar um löggilta endurskoðun á ársreikningum og samstæðureikningum (*e. Directive on statutory audits of annual and consolidated accounts*).

Niðurstaða

Í heildina þá hefur Ísland náð góðri aðlögun og beitir talsverðum hluta af *réttarreglum ESB* á sviði félagaréttar. Enn á eftir að ljúka fullri aðlögun að *gerðum ESB* á sviði fyrirtækjaréttar og að reikningsskila- og endurskoðunarstöðlum.

4.7. 7. kafli: Hugverkaréttur

Ísland hefur þegar aðlagast að miklu leyti og beitir verulegum hluta af *réttarreglum ESB* á sviði hugverkaréttar vegna aðildar að EES-samningnum.

Engin frekari framvinda hefur orðið á sviði **höfundaréttar og skyldra réttinda**. Ísland tók þátt sem áheyrnarfulltrúi í allsherjarfundi Athugunarstöðvar á sviði falsana og brota á hugverkarétti (IPR) í september 2012.

Nokkur þróun hefur orðið á vettvangi **hugverkaréttinda á sviði iðnaðar**. Í júní 2012 samþykkti þingið löggjöf um einkaleyfi til að fullgilda Singapúr-samninginn, sáttmála Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) um vörumerkjarétt. Þar að auki breytti þingið löggjöf um vöruheiti með því að bæta þjónustu við skilgreininguna á vöruheiti, og um gjaldtöku og málsmeðferðir vörumerkjaumsókna og samþykkti lög um gjaldtöku fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun og skráningu vörumerkja.

Lítill framvinda hefur orðið á sviði **framfylgd réttinda**. Íslenskri vefsíðu með upplýsingum um brot á hugverkarétti hefur verið komið á fót og er tilbúin til notkunar. Ísland hefur ekki enn aðlagað sig að fullu að tilskipun um framfylgd réttinda.

Niðurstaða

Á heildina litið hefur Ísland þegar náð mikilli aðlögun að *réttarreglum ESB* varðandi hugverkarétt og hefur nauðsynlega stjórnsýslulega getu til að innleiða þær. Enn á eftir að ná fullri aðlögun að tilskipun um framfylgd.

4.8. 8. kafli: Stefna í samkeppnismálum

Ísland hefur þegar aðlagast að miklu leyti og, með nokkrum undantekningum þó, er *réttarreglum ESB* beitt á sviði samkeppni vegna aðildar að EES-samningnum.

Engin framvinda hefur orðið á sviði **löggjafar gegn hringamyndun og samruna**. Á sviði eftirlits með **ríkisaðstoð** hefur orðið þróun í tengslum við endurskoðun eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) á ríkisaðstoð til fjármálafyrirtækja á Íslandi. Í júlí 2012 samþykkti ESA þá ríkisaðstoð sem veitt var til endurskipulagningar tveggja íslenskra banka. Þessar lokaákvæðanir ESA ljúka helstu málunum sem eftirlitstofnunin hefur haft til umfjöllunar eftir hrun fjármálakerfisins á Íslandi árið 2008. Þegar áhrif aðstoðarinnar á samkeppni var metin, starfaði ESA náið með íslenska Samkeppniseftirlitinu. ESA er einnig að skoða áætlun um endurskipulagningu fyrir tryggingafélagið Sjóvá sem Ísland afhenti í september 2011. Í mars 2012 ákvað ESA að hefja formlega rannsókn á yfirfærslu húsnæðislána sem tryggð höfðu verið með veði í íbúðarhúsnæði frá fjármálafyrirtækjum til Íbúðalánasjóðs (ÍLS). Í kjölfar þessarar ákvörðunar ESA voru lög samþykkt á Íslandi í júní 2012 um viðeigandi ráðstafanir sem ríkið þarf að innleiða, þar á meðal endurskoðunarkerfi.

Hvað varðar ráðstöfun ríkisaðstoðar til Ríkisútvarpsins þá hafa tillögur verið lagðar fram á Alþingi um að breyta fjármögnunarfyrirkomulagi stofnunarinnar til að færa það til samræmis við viðmið um ríkisaðstoð sem sett eru fram af ESA.

Niðurstaða

Á heildina litið hefur Ísland nú þegar náð mikilli aðlögun og beitir töluverðum hluta *réttarreglna ESB* á sviði samkeppni. Ráðstöfun ríkisaðstoðar sem viðbrögð við efnahagskreppunni voru í samræmi við viðkomandi *réttarreglur ESB*.

4.9. 9. kafli: Fjármálaþjónusta

Ísland hefur aðlagast að miklu leyti og beitir töluverðum hluta af *gerðum ESB* á þessu sviði vegna aðildar að EES-samningnum.

Nokkur framvinda hefur orðið á sviði **banka og fjármálasamsteypa**. Breytingar hafa verið gerðar á slitameðferðum til að tryggja jafnræði á milli kröfuhafa fjármálafyrirtækja sem eru í skiptameðferð með því að framlengja frest til ógildingar og jafnframt til að tryggja jafna meðferð á íslenskum og erlendum aðilum. Lánaskrá Íslands tók til starfa haustið 2011 og gerir Fjármálaeftirlitinu kleift að safna upplýsingum um útlán yfir u.þ.b. 1,85 milljón evrum. Lánaskráin er aðeins aðgengileg FME en upplýsingum er deilt með Seðlabanka Íslands en þó ekki nákvæmum gögnum varðandi einstaka loforðsgjafa (*e. obligor*) og fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið hefur útbúið ítarlega áætlun til að taka á þeim annmörkum sem útlistaðir eru í matsskýrslu sem lokið var í ágúst 2011 varðandi brot á Basel kjarnareglunum um bankaeftirlit, einkum varðandi skort á áhættulíkani til að hafa eftirlit með og við mat á bönkum.

Enn á eftir að samþykkja ný lög um innistæðutryggingar sem byggja á nýjum *gerðum ESB* og þar með talið lágmarkstryggingu að upphæð 100 þúsund evrur. Vinna við að útfæra hina nýju tilskipun um fjármálasamsteypur og Omnibus I tilskipunina hefur ekki enn hafist.

Aðlögun að tilskipun um eiginfjárkröfur (CRD II) er enn ólokið, þrátt fyrir að nokkur framvinda hafi náðst. Lagaleg vinna heldur áfram við uppkast að nýjum reglum varðandi: góða viðskiptahætti og venjur; lán sem tryggð eru með veði í hlutabréfum eða tryggð með innistæðubréfum frá lántaka (*e. guarantee capital certificates issued by the undertaking*) útreikninga á útsettri áhættu, blönduðum (*e. hybrid*) fjárfestingum og hvað teljist öruggt veð; mat á tengdum aðilum í skilningi reglna um stórar áhættuskuldbindingar; undanþágu frá reglum um innri endurskoðun fyrir fjármálafyrirtæki; og virkar eignahlutdeildir (*e. qualifying holdings*) utan fjármálageirans.

Í desember 2011 höfðaði ESA mál gegn Íslandi fyrir EFTA dómstólnum, þar sem leitast var við að fá viðurkenningu á því að Ísland hefði ekki fylgt tilskipun um innistæðutryggingar og fjórðu grein EES-samningsins um bann við mismunun. Ísland hafnaði kröfunum og barðist fyrir því að þeim yrði vísað frá. Nokkur ESB og EFTA ríki hafa sent skriflegar athugasemdir til dómstólsins. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gerðist meðalgönguaðili fyrir EFTA-dómstólnum til stuðnings ESA. Í millitíðinni

hefur slitastjórn Landsbanka Íslands afgreitt tvær hlutagreiðslur til forgangskröfuhafa, eina í desember 2011 og aðra í maí 2012. Á þessu stigi er Icesave-deilan ennþá óleyst.

Framvinda hefur orðið á sviði **trygginga og starfstengds lífeyris** með innleiðingu tveggja tilskipana um ökutækjatrýggingar. Undirbúningur aðlögunar Solvency II er í vinnslu. Nýjar reglur hafa verið samþykktar sem taka á málum er varða fjárhagslegt sjálfstæði, mat á hæfni og launagreiðslum til stjórnarmeðlima og forstjóra.

Engin þróun hefur orðið á **sviði lagaumgjarðar fjármálamarkaðarins**. Leiða þarf í lög breytingar á tilskipunum um endanlegt uppgjör og fjárhagslegar tryggingaráðstafanir.

Framþróun hefur orðið á sviði **verðbréfamarkaða og fjárfestingaþjónustu** með aðlögun að tilskipun um verðbréfasjóði (UCITS) hvað snertir nánari skýringar á ákveðnum skilgreiningum tilskipunarinnar. Fjármálaeftirlitið (FME) gaf einnig út reglur um innleiðingu tilskipana um áhættustýringu. Halda þarf áfram aðlögun hvað varðar markaði með fjármálagerninga, útboðslýsingar, markaðsmisnotkun og verðbréfasjóði (UCITS).

Nokkur framvinda hefur orðið á styrkingu burða stjórnsýslunnar. Í janúar 2012 lauk Fjármálaeftirlitið við endurskipulagningu stofnunarinnar frá því að svið þess tóku mið af geirum fjármálamarkaðarins yfir í þrjú ný eftirlitssvið: vettvangsathuganir, eftirlit og greiningar. Þeim gjöldum sem greidd eru til FME af aðilum undir eftirliti hefur líka verið breytt. Fjölgun starfsmanna FME verður að mæta með auknum gæðum tæknilegrar þekkingar, eftirlitskerfum og verklagi sem og upplýsingakerfum til að tryggja skilvirkt og traust varfærniseftlit.

Niðurstaða

Á heildina litið er aðlögun á sviði fjármálaþjónustu góð. Þrátt fyrir að framvinda hafi orðið þá verður vinna við aðlögun og innleiðingu á hinum nýju *réttarreglum ESB* að halda áfram á öllum þeim sviðum sem farið er yfir í þessum kafla. Bæta þarf frekar getu eftirlitsins í ljósi aukinnar ábyrgðar FME og framtíðarskuldbindinga sem hljótast af *réttarreglum ESB* sem sífellt eru í þróun. Icesave-deilan er enn óleyst. Mál ESA gegn Ísland bíður afgreiðslu fyrir EFTA-dómstólnum.

4.10. 10. kafli: Upplýsingasamfélagið og fjölmiðlar

Ísland hefur nú þegar aðlagast að miklu leyti og beitir töluverðum hluta *réttarreglna ESB* á sviði upplýsingasamfélagsins og fjölmiðla með aðild sinni að EES-samningnum.

Nokkur þróun hefur orðið á sviði **rafrænna fjarskipta og upplýsinga- og fjarskiptatækni (ICT)**. Styrkja þarf frekar sjálfstæði innlands eftirlits með breytingum á fjölmiðlalögum. Þar að auki þarf að tryggja fjárhagslega burði eftirlitsins til þess að það geti sinnt hlutverki sínu á óháðan hátt. Endurbættur reglurammi Evrópusambandsins í rafrænum fjarskiptum (e. *EU electronic communications reform package*) frá árinu 2009 hefur ekki verið leiddur í landslög.

Góð framvinda hefur orðið varðandi **þjónustu í upplýsingasamfélaginu**. Aukið var við lögverndun fyrir skilyrtan aðgangsbúnað í júní 2012 og nær hún nú til afruglara sem notaðir eru í öðrum tilgangi en útvarps- og sjónvarpsþjónustu. Enn á eftir að innleiða tilskipun um rafræna verslun að fullu.

Ísland tók áfram þátt í þeim hluta áætlunar ESB um samkeppni og nýsköpun sem fjallar um stuðning við upplýsinga- og fjarskiptatækni.

Engin framvinda hefur orðið á **stefnu á sviði hljóð- og myndmiðlunar**. Stafræn umskipti eru áætluð í lok ársins 2014 en enn á eftir að ákveða hvaða aðferð verður notuð.

Ísland tók áfram þátt í MEDIA 2007 áætluninni.

Niðurstaða

Á heildina litið hefur Ísland nú þegar aðlagast að miklu leyti og beitir talsverðum hluta *gerða ESB* á sviði upplýsingasamfélags og fjölmiðla. Góð framvinda hefur orðið varðandi þjónustu í upplýsingasamfélaginu, þar sem lögverndun á skilyrtum aðgangsbúnaði var komið á fót. Styrkja þarf frekar sjálfstæði innlands eftirlits. Enn á eftir að innleiða endurbættan regluramma fyrir fjarskipti og taka þarf á talsverðum annmörkum sem eru á innleiðingu á sviði stefnu um hljóð- og myndmiðlun og þjónustu við upplýsingasamfélagið, sérstaklega tilskipun um rafræna verslun.

4.11. 11. kafli: Landbúnaður og dreifbýlisþróun

Stefna Íslands í landbúnaðarmálum samræmist ekki *réttarreglum* ESB.

Lítill framþróun hefur átt sér stað á sviði þverlægra málefna. Í júlí 2012 kynnti Ísland framkvæmdarstjórn ESB aðgerðaráætlun um ráðstafanir til að tryggja að farið verði að stefnu ESB á sviði landbúnaðar og dreifbýlisþróunar. Skýrslan útlistar undirbúning sem nauðsynlegur er á þeim sviðum sem nefnd eru í þessum kafla og leggur fram tímasetta áætlun um framkvæmd þeirra. Hagkvæmniathugun á notkun landskráningarkerfis (e. *Land Parcel Implementation System*) á Íslandi verður unnin sem hluti af þessari aðgerðaráætlun.

Sem stendur er geta stjórnarsýslunnar á sviði landbúnaðar og dreifbýlisþróunar takmörkuð. Nauðsynlegt er að bæta þar úr svo stjórnarsýslan ráði við umsjón með sameiginlegri landbúnaðarstefnu ESB (CAP), þar með talið umsjón með landbúnaðar- og dreifbýlisþróunarsjóðum. Hagþjónusta landbúnaðarins var lögð af 1. janúar 2012 sem liður í almennri endurskipulagningu og hagræðingu hjá hinu opinbera. Verkefni stofnunarinnar voru flutt yfir til Landbúnaðarháskólans og Hagstofu Íslands. Hagstofa Íslands ber nú ábyrgð á allri söfnun og úrvinnslu tölulegra upplýsinga er varða landbúnað. Á heildina litið er allur undirbúningur hvað varðar þverlæg málefni á frumstigi.

Lítill framþróun hefur átt sér stað að því er varðar **sameiginlegt markaðskipulag** og **dreifbýlisþróun**. Aðgerðaráætlunin um landbúnað og dreifbýlisþróun lýsir öllum nauðsynlegum skrefum á báðum sviðum svo þau samræmist *réttarreglum* ESB. Undirbúningsaðgerðir á hafa ekki enn hafist.

Engin framþróun hefur orðið á **gæðastefnu** eða hvað varðar **lífrænan búskap**. EES samningurinn nær yfir það síðara og regluverk Íslands samræmist að mörgu leyti *réttarreglum* ESB. Samræming við *réttarreglur* ESB að því er varðar lífrænar afurðir og innflutning á lífrænum afurðum frá löndum utan EES er ekki lokið. Enn á eftir að ýta úr vör undirbúningi á sviði gæðastefnu.

Niðurstaða

Á heildina litið samræmist íslensk landbúnaðarstefna ekki *réttarreglum* ESB. Undirbúningur í þessum kafla er á frumstigi og framþróun er takmörkuð. Tímasett aðgerðaráætlun sem á að tryggja samræmingu við kröfur ESB á sviði landbúnaðar- og dreifbýlisþróunar hefur verið tekin í gagnið. Enn á eftir að setja á fót viðeigandi stjórnarsýslukerfi sem mun fara með framkvæmd sameiginlegrar landbúnaðarstefnu ESB, þar með talið umsjón með landbúnaðar- og dreifbýlissjóðum. Hefja þarf undirbúning fyrir sameiginlegt markaðskerfi, fyrir gæðastefnu og þá þarf að fullklára samræmingu á sviði lífræns landbúnaðar.

4.12. 12. kafli: Matvælaöryggi og stefna á sviði dýra- og plöntuheilbrigðismála

Vegna aðildar Íslands að EES-samingnum framfylgir landið að hluta til *réttarreglum* ESB er varða matvælaöryggi og stefnu á sviði dýra- og plöntuheilbrigðismála.

Nokkrar framfarir hafa orðið á sviði **almenns matvælaöryggis**. Ísland hefur framfylgt hollustuháttaáætlun ESB frá því í nóvember 2011. Innflutningur á fersku kjöti eða kjötafurðum og öðrum dýraafurðum frá aðildarríkjum ESB til Íslands er á hinn bóginn enn bannaður, sem er ekki í

samræmi við *réttarreglur* ESB. Eftirlitsstofnun EFTA hefur hafið málssókn gegn Íslandi varðandi þetta innflutningsbann. Undirbúningur á sviði almenns matvælaöryggis er vel á veg kominn.

Engin framþróun hefur orðið á sviði **dýraheilbrigðismála** þar sem Ísland samræmist *réttarreglum* ESB aðeins að hluta til. Ísland þarf að samræma sig evrópskum lögum á sviði dýraheilbrigðismála og um leið að fjarlægja núverandi takmarkanir á innflutningi á lifandi dýrum sem ekki samræmast *gerðum* ESB. Ísland nýtur undanþágu, á grundvelli EES-samningsins, í báðum þessum tilfellum.

Takmarkaðar framfarir hafa átt sér stað að því er varðar að **setja matvæli, fóður og aðrar dýraafurðir á markað**. Undirbúningur er nú hafinn á uppfærsluáætlun til þess að leggja mat á öll sláturhús, mjólkurbú og aðrar matvælastofnanir og aðlaga þær að framleiðslustöðlum ESB. Engin þróun hefur átt sér stað til þess að loka því gati sem er í íslenskri löggjöf hvað varðar sérstaklega samræmingu við *réttarreglur* ESB á sviði innflutnings á nýfæði, smitandi heilahrörnunarsjúkdómum (TSEs) og öðrum dýraafurðum sem ekki eru ætlaðar til mannelis. Undirbúningur Íslands á þessu sviði er vel á veg kominn.

Framfarir hafa orðið á reglum um **matvælaöryggi**. Viðeigandi löggjöf var breitt vorið 2012 til þess að leyfa beina smásölu á vörum með ákveðnum fyrirvörum. Engin þróun átti sér stað að því er varðar **sértækar reglur um fóður**. Samræming við *réttarreglur* ESB á þessum sviðum er langt komin.

Engin framþróun hefur orðið í **plöntuheilbrigðismálum**. Ísland þarf enn sem áður að aðlagast *réttarreglum* ESB um plöntuheilbrigði og plöntuvernd. Íslensk löggjöf varðandi varnarefnaleifar samræmist *réttarreglum* ESB að hluta til nema að því er varðar innflutning á ákveðnum plöntum og plöntuefnum. Það þarf að auka getu rannsóknastofnana til þess að greina slíkar leifar. Undirbúningur á sviði plöntuheilbrigðismála er á frumstigi.

Engin þróun hefur átt sér stað varðandi samræmingu að regluverki varðandi **erfðabreyttar lífverur**.

Niðurstaða

Á heildina litið, vegna aðildar Íslands að EES-samningnum, samræmist Ísland að hluta til *gerðum* ESB er varða matvælaöryggi og dýra- og plöntuheilbrigði. Takmörkuð þróun hefur átt sér stað á sviði almenns matvælaöryggis og reglna er varða matvælaöryggi. Innflutningsbann á ferskum kjótafurðum og lifandi dýrum samræmist ekki *gerðum* ESB. Enn á eftir að samræma íslenska löggjöf varðandi plöntuheilbrigði, erfðabreyttar lífverur, nýstárleg matvæli og dýraafurðir sem ekki eru ætluð til mannelis og þá þarf að efla stjórnsýslulega getu og rannsóknarstofnanir.

4.13. 13. kafli: Sjávarútvegur

Sjávarútvegsstefna Íslands samræmist almennt séð ekki *réttarreglum* ESB.

Engin þróun hefur orðið varðandi **auðlinda- og flotastjórnun**. Engar miklar breytingar hafa átt sér stað á fiskveiðistjórnunarkerfi Íslands. Íslendingar innleiddu nokkrar umbætur á *fiskveiðistjórnunarkerfinu* með því að hækka verulega gjöld sem kvótaeigendur þurfa að greiða. Takmarkanir á fjárfestingum og á frjálsum flæði þjónustu og fjármagns á sviði fiskveiða og fiskvinnslu eru enn til staðar.

Takmörkuð þróun hefur orðið á sviði **eftirlits og stjórnunar**. Skrifað var undir samkomulag um rafrænt tilkynningakerfi á milli Íslands og Noregs árið 2011 sem taka á í notkun 2012 og 2013. Undirbúningur stendur enn yfir fyrir fullgildingu samnings Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) frá árinu 2009 um mögulegar aðgerðir hafnríkja til þess að afstýra, hindra og útrýma ólöglegum, ótilkynntum og stjórnlausum fiskveiðum.

Engin þróun hefur átt sér stað hvað varðar **kerfisbundnar aðgerðir, markaðsstefnu og ríkisaðstoð**.

Takmörkuð þróun hefur átt sér stað varðandi **alþjóðasamninga**. Undirbúningur á fullgildingu samnings FAO frá árinu 1993, sem stuðlar að því að fiskiskip á úthöfum fari eftir reglum um alþjóðlega verndun og fiskveiðistjórnun, er enn í gangi.

Á skýrslutímabilinu reyndist ómögulegt að ná samkomulagi á milli strandríkja Norðaustur-Atlantshafsins um stjórnun veiða úr makríl-stofninum fyrir árið 2012. Makrílveiðar Íslendinga eru enn mikið áhyggjuefni innan ESB en sambandið hefur sjálfbæra nýtingu stofnsins að leiðarljósi.

Niðurstaða

Fiskveiðistjórnunarkerfi Íslendinga hefur enn áþekk markmið að leiðarljósi og þau sem eru við lýði innan ESB en sumar reglur eru mjög frábrugðnar því sem þar tíðkast. Á heildina litið er fiskveiðistefna Íslands ekki í samræmi við *réttarreglur* ESB. Núverandi takmarkanir á fjárfestingum og á frjálsum flæði þjónustu og fjármagns á sviði fiskveiða og fiskvinnslu eru ekki í samræmi við *réttarreglur* ESB.

4.14. 14. kafli: Stefna í flutningastarfsemi

Vegna aðildar Íslands að EES hefur verulegur hluti af *réttarreglum* ESB um flutningastarfsemi nú þegar verið tekinn í notkun.

Ný áætlun fyrir flutningastarfsemi 2011-2022 og verkefnaáætlun í flutningastarfsemi 2011-2014 voru innleiddar í júní 2012. Þær móta stefnu og markmið fyrir flutninga á lofti, sjó og landi á Íslandi. Áætlunin fyrir flutningastarfsemi gildir í 12 ár og verður endurskoðuð á 4 ára fresti. Verkefnaáætlun er ákvörðuð til 4 ára og stefnt er að því að endurskoða hana á 2 ára fresti. Markmið þessara áætlana er að bæta aðgengi og hreyfanleika í flutningum á farþegum og vöru innan og á milli svæða sem og að tryggja hagkvæmar, öruggar og umhverfisvænar samgöngur sem taka tillit til sérstakra aðstæðna milli landshluta og á þann hátt stuðla að byggðaðróun.

Þróun hefur átt sér stað á sviði **landflutninga**. *Réttarreglur* ESB varðandi ökuskírteini, vegakerfi, öryggisstjórnun og eftirlit á vegum voru innleiddar. Enn á eftir að samræma að fullu *réttarreglur* ESB um tækniframfarir í bifreiðaskoðun og flutninga á hættulegum varningi, þar með talið samræmdan gátlista fyrir vegaeftirlit með flutningi á hættulegum varningi.

Á Íslandi eru hvorki flutningar með **járnbrautum** né heldur eftir **skipgengum vatnaleiðum**.

Engin þróun hefur átt sér stað á sviði **samsettra flutninga** vegna vöntunar á járnbrautakerfi og flutninga á stuttum sjóleiðum.

Góðum árangri hefur verið náð á sviði **loftflutninga**. *Réttarreglur* ESB varðandi flugvernd voru innleiddar í janúar 2012. Enn á eftir að innleiða reglugerð ESB um sameiginlegar reglur um öryggi í innanlandsflugi. Ný reglugerð var samþykkt með það að markmiði að samræma *réttarreglur* ESB varðandi lofthæfi loftfara og framleiðsluvara til flugs og um samþykki þeirra félaga og aðila sem að málinu koma. *Réttarreglur* ESB um sameiginlegar reglur er varða rekstur flugþjónustu innan ESB voru innleiddar á skýrslutímabilinu. Enn á eftir að ákvarða hámarks tímamörk sem skylda má flugrekanda til þess að veita opinbera þjónustu. *Réttarreglur* ESB um flugrekendur sem á hvílir flugrekstrarbann innan ESB, sem byggir á viðmiðum hvers ríkis fyrir sig og frammistöðu hvers félags (að loknu eftirliti með flugrekanda), og *réttarreglur* ESB er varða tryggingaskyldur flugrekenda, hafa verið innleiddar á Íslandi. Enn á eftir að innleiða *réttarreglur* ESB um tölvustýrð bókunarkerfi og samevrópsku loftrýmin (e. *European Sky II*). Á meðan á skýrslutímabilinu stóð voru átta nýir flugþjónustusamningar samþykktir á milli Íslands og Gana, Jórdaníu, Laos, Paragvaí, Rúanda, Sádi-Arabíu, Sambíu og Suður-Afríku. Einnig var undirritað framtíðarsamkomulag um flugumferðarstjórn á milli Íslands og Ástralíu.

Einhver þróun hefur orðið á sviði **flutninga á sjó**. *Réttarreglur* ESB um hafnarríkiseftirlit voru innleiddar í júní 2012. Ný reglugerð um björgunar- og öryggisbúnað á íslenskum skipum, sem felur í sér gerðir ESB um farþegaskip og öryggi fiskiskipa, var gefin út í júní 2012. *Réttarreglur* ESB varðandi réttindi sjófarþega og móttökuaðstöðu fyrir úrgang skipa í höfnum hafa enn ekki verið innleiddar.

Niðurstaða

Almennt séð samræmist Ísland *réttarreglum* ESB er varðar flutningastarfsemi. Framþróun hefur orðið á vegaöryggisreglum en enn á eftir að klára innleiðingu á viðeigandi reglugerðum ESB um loft- og landflutninga.

4.15. 15. kafli: Orkumál

Ísland uppfyllir *réttarreglur* ESB um orkumál að hluta til vegna aðildar sinnar að EES.

Lítill þróun hefur orðið á sviði **afhendingaröryggis**. Í febrúar 2012 kynnti iðnaðarráðherra skýrslu fyrir Alþingi sem inniheldur tillögur um heildræna orkustefnu fyrir Ísland. Skýrsla þessi byggir á vinnu stýrinfendar sem sett var á fót af iðnaðarráðuneytinu árið 2009. Engar breytingar hafa orðið varðandi samræmingu að *réttarreglum* ESB um olíubirgðir.

Engin þróun hefur orðið á **innri orkumarkaðinum**. Hvað varðar aðferðir til að auka gagnsæi í verðlagningu á gasi og rafmagni, þá hafa þær reglugerðir ekki verið samþykktar. Þriðja orkupakkanum (*e. Third Energy Package*) hefur enn ekki verið bætt að fullu við EES-samninginn og hefur því ekki verið innleiddur á Íslandi. Enn á eftir að ganga frá aðskilnaði eftirlitsaðila og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins til að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði eftirlitsaðilans og sjálfstæði við skipun í stjórn. Enn á eftir sundurgreina eignarhald flutningskerfa og orkufyrirtækja. Tryggja þarf sjálfstæði Orkustofnunar og enn þarf að koma á fót viðeigandi vinnufyrirkomulagi með samkeppnisyfirlitum.

Takmarkaðar framfarir hafa orðið á sviði **endurnýjanlegrar orku**. Undirbúningur, undir forystu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, á innleiðingu nýrrar aðgerðaráætlunar til að mæta þeim markmiðum sem sett voru fyrir árið 2020 er enn yfirstandandi. Nýtt lagafrumvarp, sem samræmist að hluta til tilskipun um endurnýjanlega orku frá 2009, var samþykkt í júní 2012. Enn á eftir að ljúka fullri samræmingu. Hérumbil 67% af allri orku sem notuð er á Íslandi kemur frá endurnýjanlegum orkulindum. Frumskref voru tekinn í átt til þess að auka nýtingu á endurnýjanlegri orku í flutningaiðnaði, svo sem afnám virðisaukaskatts af rafmagnsbílum.

Engar framfarir hafa orðið á sviði **orkunýtingar**. Samræming við *réttarreglur* ESB varðandi orkunýtingu er enn ekki fullfrágengin en þar með eru taldar reglur um orkunýtingu bygginga og tilskipun um orkunýtni notenda og orkuþjónustu sem og ný löggjöf er varðar visthönnun og orkumerkingar. Enn hafa ekki verið sett innlend markmið um orkusparnað á Íslandi og notkun *réttarreglna* ESB um orkunýtingu notenda er enn á frumstigi. Geta stjórnáráðgjafanna til þess að beita *réttarreglum* ESB um orkunýtni er takmörkuð.

Engin þróun hefur verið á sviði **kjarnorku, kjarnorkuöryggis eða geislavarna**.

Niðurstaða

Á heildina litið samræmist Ísland aðeins að hluta til *réttarreglum* ESB á sviði orkumála. Aðlögun á sviðum er varða olíubirgðir, innri markaðinn, endurnýjanlega orku, orkunýtni, kjarnorkuöryggi og geislavarnir verður að halda áfram. Einnig þarf að tryggja sjálfstæði eftirlitsyfirlitvalda og getu stjórnáráðgjafanna til þess að koma nýja regluverkinu í framkvæmd.

4.16. 16. kafli: Skattamál

Ísland beitir að hluta til *réttarreglum* ESB er varðar skattamál.

Skattalög á sviði **óbeinnar skattlagningar** eru að hluta til í samræmi við *réttarreglur* ESB. Lítil þróun hefur orðið í aðlögun lagarammans að *réttarreglum* ESB. Ísland samþykkti nokkur lög um virðisaukaskatt á skýrslutímabilinu, þ.m.t. breytingar á lögum sem fela í sér lækkun virðisaukaskatts á rafrænum bókum, geisladiskum sem fylgja bókum og rafrænni tónlist, frá 25% niður í 7%. Einnig voru kynntar nýjar kvaðir þar sem erlendir söluaðilar á rafrænum bókum og tónlist þurfa nú að skrá sig hjá

Íslenskum yfirvöldum vegna skattamála. Þessi ákvæði víkja aðeins frá *réttarreglum* ESB þar sem að evrópsk tilskipun varðandi virðisaukaskatt mælir fyrir um að ekki megi lækka gjöld á rafrænar vörur eins og rafbækur eða tónlist. Ákvæði varðandi endurgreiðslu á tveimur þriðju hluta virðisaukaskatts, þegar farþegavagnar eru leigðir eða keyptir, voru framlengd til 31. desember 2013. Ákvæði um endurgreiðslukerfi fyrir slökkviliðsbíla og brunaviðbúnað sveitarfélaga voru samþykkt í júní 2012. Hvorug þessara ákvæða samræmast gerðum ESB.

Breyting var gerð á lögum um undanþágur frá virðisaukaskatti og endurgreiðslur fyrir rafmagns- og vetnisbíla í júní 2012. Löggjöfinni er ætlað að lækka kostnað á umhverfisvænum bílum með því að draga ákveðna upphæð annað hvort frá tollverðinu eða með því að afreikna virðisaukaskatt. Þetta ákvæði er ekki í samræmi við löggjöf Evrópusambandsins um tolla og virðisaukaskatt.

Á sviði óbeinnar skattlagningar eru frávik frá *réttarreglum* ESB aðallega tengd virðisaukaskatti og þá sér í lagi skilgreiningar, undanþágur, sérstakar ráðstafanir eða endurgreiðslur. Einnig má nefna vörugjöld, með sérstakri vísun í gjaldflokka og skilgreiningar á vöruflokkum, þar með talið áfengi, tóbak, bensín og díseilsneyti, tollfrjálsan innflutning ferðamanna, vörugeymslu, niðurfellingu gjalda og tollfrjálsar vörur.

Að því er varðar **beina skatta** þá hefur lítil framþróun átt sér stað. Fjársýsluskattur var innleiddur og tók gildi hjá fyrirtækjum sem veita sérstaka fjárhags- eða tryggingaþjónustu. Fjársýsluskatturinn var 5.45% eða 6% af skattstofni sem reiknaður var út frá tekjuskattinum með hliðsjón af því hvort að lágmarkstekjuskattur var meiri eða minni en 6.1 milljón evra. Ný ákvæði um tekjuskatt voru kynnt fyrir einstaklinga með takmarkaða skattskyldu og sem öfluðu ekki minna en 75% af tekjum sínum á Íslandi. Á sviði beinna skatta þá samræmist skattalöggjöfin *réttarreglum* ESB að hluta til.

Framþróun hefur orðið í **samvinnu milli stjórnsýslueininga og í gagnkvæmri aðstoð**. Ísland fullgilti bókun um breytingu á OECD samningi um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum, sem tók gildi í febrúar 2012. Ísland skortir löggjöf sem endurspeglar *réttarreglur* ESB um gagnkvæma aðstoð og samvinnu innan stjórnsýslunnar.

Lítill þróun hefur átt sér stað á sviði **rekstrargetu og tölvuvæðingar**. Enn er unnið að því að meta rekstrarlegt hæfi og starfsvenjur í íslenska skattkerfinu í samanburði við evrópskar skattaáætlanir og starfsvenjur. Unnið er að áætlun til að ná fram samtengingu og rekstrarsamhæfingu í íslenska skattkerfinu og hjá tölvukerfum tengdum skattinum við sambærileg upplýsingatæknikerfi hjá Evrópusambandinu. Enn á eftir að stofna miðlæga tengiskrifstofu (e. *Central Liaison Office*) og vörutengiskrifstofu (e. *Excise Liaison Office*). Ísland samræmist *réttarreglum* ESB er varðar rekstrargetu og tölvuvæðingu aðeins að hluta til.

Niðurstaða

Á heildina litið er skattkerfi Íslands að nokkru leyti í samræmi við *réttarreglur* ESB og má nefna nokkra framþróun á því sviði. Ísland býr yfir góðri stjórnsýslu á skattsviði. Enn á eftir að samtengja betur tölvukerfi sem tengd eru skattkerfinu og möguleikanum á að keyra þau saman við sambærileg kerfi ESB.

4.17. 17. kafli: Efnahags- og peningamál

Ísland hefur aðlagast *réttarreglum* ESB á sviði efnahags- og peningamála að mestu leyti.

Engin þróun hefur orðið í **peningamálastefnu** Íslands að því er varðar starfshæfni eða stofnanalegt, persónulegt og fjárhagslegt sjálfstæði Seðlabanka Íslands né heldur að því er varðar bann við fjármögnun seðlabanka á ríkisrekstri (e. *prohibition on monetary financing*). Ekkert þessara sviða samræmast *réttarreglum* ESB. Í mars 2012 gaf atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið út skýrslu um framtíðarskipan íslenska fjármálakerfisins, þar með talið hlutverk Seðlabankans. Tillögur um heildar laga- og eftirlitsramma eru enn í undirbúningi.

Einhverjar framfarir hafa orðið á sviði er varða **efnahagsstefnu**. Í nóvember 2011 kynnti efnahags- og viðskiptaráðherra þjóðhagsáætlun sem sett var saman eftir að efnahagslega endurreisnaráætlun Íslands var lokið sem féll undir bráðabirgðasamkomulag við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Þessi áætlun greinir samkeppnishæfni, aðhald í ríkisfjármálum, vinnumarkaðinn, skuldastöðu heimila og fyrirtækja, enduruppbyggingu fjármálakerfisins og peningastefnu.

Í mars 2012 gaf fjármálaráðuneytið út stefnu í lánamálum ríkisins 2012 til 2015. Stefnan útlistar áform ríkistjórnarinnar um lánsfjármögnun ríkisskulda til meðallangs tíma. Sveitastjórnarlög, sem innihalda kafla um fjármálastjórn sveitarfélaga, voru samþykkt í september 2011.

Vegna stöðu Íslands sem umsóknarríkis fellur landið undir efnahagslegt eftirlit og lagði það fram seinni efnahagsáætlun fyrir aðild í febrúar 2012. (*Sjá einnig kafla um efnahagsleg viðmið*)

Getu til að móta og samræma efnahagsstefnu þarf að efla, bæði hjá ríki og sveitarfélögum. Stór hluti fjárútláta ríkisins tengist sveitarfélögunum, sem kallar á meiri samræmingu og áætlanagerð við hagræðingu í ríkisfjármálum.

Niðurstaða

Á heildina litið eru svið efnahags- og peningamála að mestu leyti samræmd *réttarreglum* ESB. Nokkur árangur hefur orðið á sviði efnahagsstefnu. Enn eru nokkrir annmarkar á aðlögun að *réttarreglum* ESB um peningastefnu, þar með talið að styrkja sjálfstæði Seðlabankans og bann við fjármögnun seðlabanka á rekstri hins opinbera.

4.18. 18. kafli: Hagtölur

Ísland beitir *réttarreglum* ESB varðandi hagskýrslur að hluta til vegna aðildar sinnar að EES-samningnum.

Nokkur þróun hefur orðið á **skipulagi hagsýslugerðar**. Auk þeirrar samvinnu sem er á milli Hagstofu Íslands og Landmælinga Íslands þá er samstarfssamningur við Útlendingastofnun í vinnslu. Enn er unnið að samstarfssamningi á milli Hagstofu Íslands, Tollstjóra, Umhverfisstofnunar og Orkustofnunar. Ný lög voru samþykkt í júní 2012 sem fela í sér að mögulegt er að leggja fjársektir á einkafyrirtæki og opinberar stofnanir sem ekki bregðast við beiðnum um tölfræðiupplýsingar. Þá var komið á fót nýrri skrifstofu um fyrirtækjatölfræði í júní 2012 og nýr skrifstofustjóri skipaður. Síðan í september 2011 hefur starfslíði Hagstofu fjölgað um 5 manns en fjárframlög til rekstrar hafa verið skorin niður um 3%.

Nokkur árangur hefur verið á sviði **flokkunar** og **skráninga**. Skýrslur um svæðaskiptingu landsins og um menntunarskrá eru einnig í vinnslu. Vinna við að koma á fót fyrirtækjaskrá til hagsýslugerðar hefur enn ekki hafist.

Hvað varðar **hagtölur eftir geirum** þá má nefna nokkra framþróun á því sviði þrátt fyrir takmarkað fjármagn. Þar sem svarhlutfall í landbúnaðarrannsókn (e. *Farm Structure Survey*), sem gerð var á skýrslutímabilinu var 75%, teljast niðurstöður hennar áreiðanlegar. Meirihluta þeirra skráa sem stjórnarsýslan skráir og tengjast húsnæðismálum og manntali hefur verið safnað saman. Þróun á gagnagrunni fyrir manntal stendur yfir.

Hagstofa Íslands hefur hafið söfnun á hagtölum um landbúnað. Þær fela í sér upplýsingar um mjólkurframreiðslu, búfé, kjötvinnslu, starfsemi eggjabúa og sölu á kjúklingum, uppskerutölur og landnotkun. Vinna er hafin við hagræðinguna landbúnaðarins (EAA) og verðskýrslur um landbúnað (APS).

Hagstofa Íslands heldur áfram undirbúningsvinnu varðandi Intrastat, að meðtalinni hagkvæmniathugun og athugun á gagnaöflunaraðferðum. Með fjárhagsstuðningi frá skrifstofu ESB um nútímavæðingu tölfræðiútreikninga fyrirtækja- og viðskiptaaðila (e. *Modernisation of European Enterprise and Trade Statistics - MEETS*) hefur athugun hafist á því hvernig meta skuli lágmarks

gæðakröfur fyrir Intrastrat. Flýta þarf undirbúningi á gagnaafhengingu þjóðhagsreikninga til að mæta þeim kröfum sem settar eru fram í áætlun um gagnaflutninga. Enn á eftir að framkvæma kannanir á fullorðinsfræðslu og starfsmiðaðri símenntun.

Niðurstaða

Á heildina litið samræmist Ísland að hluta til *réttarreglum* ESB hvað varðar hagtölur. Framfarir hafa orðið í málaflokknum. Stór hluti kannana í tengslum við skráarbyggt manntal (e. *register-based population and housing census*) hefur verið framkvæmdur. Vöntun á fullnægjandi aðbúnaði er enn áhyggjuefni og Hagstofa Íslands þarf fleiri starfsmenn og meira fjármagn ef uppfylla á þær kröfur sem *réttarreglur* ESB kveða á um í þessum kafla.

4.19. 19. kafli: Félags- og atvinnumál

Ísland hefur þegar aðlagast vel og beitir að verulegu leyti *réttarreglum* ESB í málaflokknum í gegnum aðild landsins að EES-samningnum.

Einhver framþróun hefur átt sér stað á sviði **vinnulöggjafar**, þar sem Ísland hefur nú þegar innleitt megnið af *gerðum* ESB vegna aðildar landsins að EES-samningnum. Vegna niðurstöðu EFTA dómstólsins í júní 2011, varðandi tilskipun um störf útsendra starfsmanna í þjónustustarfsemi (e. *Posting of Workers Directive*), var íslenskum lögum að hluta breytt í mars 2012. Frekari breytingar eru í vinnslu. Enn á eftir að ná fram lagalegu samræmi um starfsmannaleigur og stofna þarf evrópskt samstarfsráð um vinnumál (e. *European Works Council*). Eftirlitsstofnun EFTA hefur hafið málsókn vegna nokkurra mála þar sem vinnutilskipunum hefur verið ranglega beitt.

Litlar breytingar hafa átt sér stað á hvað varðar **heilbrigði og öryggi á vinnustað** þar sem Ísland hefur nú þegar innleitt stóran hluta *gerða* ESB í þessum málaflokki vegna aðildar landsins að EES-samningnum. Fyrsta árlega átakið gegn einelti var haldið í nóvember 2011 en velferðarráðuneytið stóð að átakanu í samstarfi við félagasamtök og aðra hagsmunaaðila. Samræming við *réttarreglur* ESB varðandi asbest hefur átt sér stað. Tryggja þarf fullt samræmi við *réttarreglur* ESB á öllum þremur undirstigum innlendrar löggjafar um heilsu og öryggi á sjó, í lofti og á landi.

Skoðanaskipti á milli aðila vinnumarkaðarins eru í góðum farvegi. Kjarasamningar sem samþykktir voru árið 2011 gilda enn og hafa stuðlað að umtalsverðum kjarabótum bæði hjá hinu opinbera og í einkageiranum. Aðilar vinnumarkaðarins halda áfram að vera virkir við mótun vinnumarkaðsstefnu og taka þátt í framkvæmd hennar.

Framfarir hafa orðið á sviði **atvinnustefnu**. Ráðgjafarnefnd, sem sett var á fót árið 2011 og samanstendur af fulltrúum frá velferðarráðuneytinu, Vinnumálastofnun og aðilum vinnumarkaðarins, vinnur nú að því að þróa atvinnuáætlun fyrir Ísland. En almennt séð glímir vinnumarkaðurinn á Íslandi enn við afleiðingar efnahagsvandans frá 2008-2010 þar sem ungt fólk og ófaglærðir urðu verst úti. Samkvæmt stefnu stjórnvalda sem ber heitið Ísland 2020, hefur ríkisstjórn Íslands haldið áfram að beita virkri vinnumarkaðsstefnu, með sérstakri áherslu á að draga úr atvinnuleysi hjá ungu fólki og langtímaatvinnuleysi. Í febrúar 2012 kynntu Vinnumálastofnun og velferðarráðuneytið nýtt framtaksverkefni sem hefur það að markmiði að koma 1500 atvinnulausum einstaklingum aftur út á vinnumarkaðinn. Ríkisstjórnin hefur einnig aukið samvinnu sína við félagasamtök og aðila vinnumarkaðarins til að draga úr atvinnuleysi. Sérstöku átaki til að minnka svarta atvinnustarfsemi í smærri viðhaldsverkefnum og byggingariðnaðinum með endurgreiðslu á virðisaukaskatti fyrir húseigendur var haldið áfram árið 2012.

Framþróun hefur orðið varðandi **Félagsmálasjóð Evrópu (ESF)** þar sem undirbúningur fyrir þátttöku í sjóðinum er hafin. Velferðarráðuneytið hefur verið tilnefnt sem sú stofnun sem ber ábyrgð á því að leggja fram drög að aðgerðaáætlun um Félagsmálasjóðinn. Í mars 2012 setti velferðarráðherra saman vinnuhóp sem leggja átti drög að aðgerðaáætlun sem útlistar þann undirbúning sem þarf fyrir þátttöku í Félagsmálasjóði Evrópu. Ísland hefur einnig sett fram aðgerðaáætlun um hvernig uppfylla

megi markmið samheldnisstefnu Evrópusambandsins (e. *EU cohesion policy*). Skortur er á fullnægjandi þjálfun á þessu sviði.

Framfarir hafa átt sér stað á sviði **félagslegrar aðlögunar**. Áhrif fjármálahrunsins eru enn sýnileg og flest íslensk heimili greina frá annaðhvort miklum eða mjög miklum fjárhagslegum erfiðleikum. Þrátt fyrir að ráðstöfunartekjur allra heimila hafi minnkað vegna kreppunnar, hafa aðgerðir stjórnvalda dregið úr verstu áhrifunum fyrir lágtekjufólk. Sérstækar skuldaaðgerðir voru árangursríkar. Á heildina litið, þá er hlutfall íslenskra heimila við fátækramörk mun lægra en í Evrópu. Þörf er á nánu eftirliti með félagslegri stöðu einhleypra foreldra, eldra lágtekjufólks, barna og öryrkja.

Aðgerðaáætlun í málefnum fatlaðs fólks var samþykkt á Alþingi í júní 2012. Enn á eftir að fullgilda Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Útgjöld til **félagslegrar verndar** numu um 8% af vergri landsframleiðslu og hafa aldrei verið hærrí á Íslandi. Þau eru þó undir meðallagi í samanburði við ríki ESB. Niðurskurður hjá heilbrigðisþjónustunni var mikill en þjónustustig hélst hátt. Kostnaður við atvinnuleysisbætur hefur sexfaldast frá árinu 2007. Í júní samþykkti Alþingi löggjöf um starfsendurhæfingarsjóð. Markmið sjóðsins er að tryggja að þeir sem missa vinnuna fái aðstoð til þess að komast aftur út á vinnumarkaðinn.

Nokkrar framfarir hafa orðið í **baráttunni gegn mismunun**. Í júní 2012 samþykkti Alþingi löggjöf sem bætir réttarfarslega stöðu transgender fólks. Unnið er að því að aðlögun að tveimur tilskipunum ESB gegn mismunun (e. *Anti-Discrimination Directives*). Enn á eftir að stofna jafnréttisráð til að sporna gegn mismunun vegna kynþáttar eða þjóðernis. Ísland þarf að tryggja sjálfstæði slíks ráðs og að það sé fært um að framkvæma sjálfstæðar kannanir, skrifa skýrslur og veita fórnarlömbum mismununar aðstoð.

Ekki er hægt að greina frá frekari umbótum á sviði **jafnréttismála** þar sem Ísland uppfyllir enn há viðmið. Framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum sem gildir frá árinu 2011 til 2014 er í gildi þar sem samþætting kynjasjónarmiða og kynjuð hagstjórn við fjárlagagerð leika lykilhlutverk. Enn á eftir að ná fullri aðlögun við *réttarreglur* ESB, þá sér í lagi hvað varðar jafna meðferð karla og kvenna í atvinnumálum.

Niðurstaða

Á heildina litið hefur Ísland aðlagast að miklu leyti *réttarreglum* ESB og heldur áfram að beita verulegum hluta *réttarreglanna* í þessum kafla vegna aðildar landsins að EES-samningnum. Undirbúningur fyrir þátttöku Íslands í Félagsmálasjóði Evrópu er hafinn og ítarleg vinnumálaáætlun er í vinnslu. Aðlögun laga á sviði mismununar og jafnra tækifæra er enn ekki lokið. Áhrif hrunsins árin 2008-2010 eru enn sýnileg og erfiðleikar varðandi félagslega aðlögun og atvinnuleysi eru því enn til staðar.

4.20. 20. kafli: Fyrirtækja- og iðnstefna

Ísland hefur nú þegar aðlagast að miklu leyti á sviði fyrirtækja- og iðnstefnu.

Hvað varðar **meginreglur fyrirtækja- og iðnstefnu** er stefna Íslands í samræmi við þær meginreglur sem gilda innan Evrópusambandsins og sem tengjast lögum ESB um lítil fyrirtæki (e. *EU Small Business Act*).

Engin framþróun hefur orðið varðandi **stjórnþæki á sviði fyrirtækja- og iðnstefnu**. Ísland býr yfir fjölda stjórnþækja á sviði fyrirtækja- og iðnstefnu. Ísland tekur þátt í frumkvöðla- og nýsköpunaráætlun (e. *The Enterprise and Innovation Programme, EIP*) og er meðlimur í Enterprise Europe Network (EEN). Ísland notar sitt eigið kerfi samhliða því evrópska til að veita beinum stuðningi til lítilla og meðalstórra fyrirtækja (LMF). Aftur á móti er aðgangur lítilla og meðalstórra fyrirtækja að fjármagni enn takmarkaður vegna þjóðhagslegra aðstæðna.

Varðandi verkefni sem beinast að ákveðnum atvinnugreinum þá er Ísland enn með stefnu sem samræmist meginreglum Evrópusambandsins.

Niðurstaða

Á heildina litið er Ísland vel aðlagð að ESB hvað varðar fyrirtækja- og iðnaðarstefnu. Lítil framþróun hefur átt sér stað á sviði fyrirtækja- og iðnstefnu. Aðgangur lítilla og meðalstórra fyrirtækja að fjármagni er enn takmarkaður vegna fjármálakreppunar.

4.21. 21. kafli: Samevrópsk net

Ísland hefur aðlagast vel vegna aðildar að EES-samningnum og beitir að verulegum hluta *réttarreglna* ESB á þessu sviði.

Góður árangur hefur náðst á sviði **flutninganeta**. Ísland hefur lokið gerð TEN-T korta, einu fyrir flugvelli og öðru fyrir vegi, hafnir, og flugvelli, samkvæmt þeim nýju viðmiðunarreglum sem um gilda.

Engin framþróun hefur orðið á sviði **orkuneta** og enn á eftir að móta stefnu varðandi TEN-E.

Niðurstaða

Á heildina litið samræmist Ísland að miklu leyti *réttarreglum* ESB í þessum kafla. Móta þarf stefnu um TEN-E.

4.22. 22. kafli: Byggðastefna og samræming uppbyggingarsjóða

Að því er varðar **lagarammann**, þá er aðlögun löggjafar við *réttarreglur* ESB um samheldnisstefnu Evrópusambandsins langt á veg komin. Það kerfi sem notað er um gerð fjárlaga á Íslandi skortir fullnægjandi reglur um fjárhagsáætlanir sem eiga að gilda til margra ára. Áætlaður undirbúningur á þessu sviði felur í sér mat á meðfjármögnunargetu sveitarfélaganna, yfirlit yfir fjárlagagerð hins opinbera, mótun löggjafar - þar sem á skortir - til að innleiða samheldnisstefnu og undirbúa aðgerðir til að samræmast stefnum Evrópusambandsins.

Í janúar voru sett ný lög um sveitarfélög sem koma í stað þeirra sem fyrir voru. Meginbreytingarnar varða fjármál sveitarfélaganna og eftirlit með þeim. Nú er gert ráð fyrir að sveitarfélögin undirbúi fjárhagsáætlanir sem gilda til margra ára. Lögin mæla einnig fyrir um aukið samráð milli stjórnvalda og sveitarfélaga.

Nokkur framþróun hefur orðið varðandi **stofnanaramma** til að stýra uppbyggingarsjóðum. Í mars 2012 kynnti Ísland framkvæmdastjórninni áætlun um hvernig mæta ætti skilyrðum Evrópusambandsins á sviði samheldnistefnu. Áætlunin lýsir undirbúningi sem á öllum þeim sviðum sem nefnd eru í þessum kafla og setur fram tímasetta áætlun framkvæmd þess. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið á í nánú samstarfi við önnur hlutaðeigandi ráðuneyti vegna undirbúningsvinnu við að koma á fót stjórnunaryfirvaldi (e. *Managing Authority*). Aðrir hagsmunaaðilar, eins og til dæmis Samband íslenskra sveitarfélaga, komu að undirbúningsvinnu við framkvæmdaáætlunina. Ríkisendurskoðun hefur verið falið endurskoðunaryfirvald (e. *Audit Authority*) og fjármálaráðuneytinu vottunaryfirvald (e. *Certifying Authority*).

Framfarir hafa orðið í **getu stjórnsýslunnar** þar sem ítarleg aðgerðaáætlun á sviði þjálfunar var samþykkt og innleiðing hennar er hafin. Áætlunin nær til helstu stofnana sem koma að framkvæmd samheldnistefnunnar og yfir þau svið sem tengjast stjórnun og undirbúningi aðgerða og verkefna.

Takmarkaður árangur hefur náðst er varðar **forritun**. Ísland hefur ákveðið að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið beri ábyrgð á undirbúningi í tengslum við forritun fyrir Byggðaðróunarsjóð Evrópu. Þá mun velferðarráðuneytið bera ábyrgð á og hafa umsjón með forritunarundirbúningi fyrir Félagsmálasjóð Evrópu. Samningahópur um byggðamál hefur eftirlit með forritunarundirbúningi. Mennta- og menningarmálaráðuneytið ásamt innanríkisráðuneytinu mun einnig eiga hlutdeild í

þessari forritunarvinnu og er áhersla lögð á að hagsmunaaðilar, þá sérstaklega sveitarfélögin, taki þátt.

Hóflægur árangur hefur náðst á **eftirlit og mati**. Undirbúningsvinna er hafin á uppsetningu á vöktunar- og matskerfi fyrir verkefni samheldnistefnunnar. Sérfræðingar vinna nú að þarfa- og ferlagreiningu.

Hvað varðar **fjármálastjórnun og eftirlit** þá er Ísland langt á veg komið vegna þátttöku sinnar í áætlunum ESB í gegnum EES samninginn og ekki hægt að ræða frekari þróun í þeim efnum. Fjármálastjórn- og eftirlitskerfi á Íslandi eru að mestu leyti í samræmi við bestu starfsvenjur Evrópusambandsins og alþjóðlega staðla, en skortur er á framförum á sviði innri endurskoðunar. Óháð, utanaðkomandi endurskoðun á starfi hins opinbera fellur undir ábyrgð Ríkisendurskoðunar. Ríkisendurskoðun fer ekki með endurskoðun á starfi sveitarfélaga. Hins vegar hefur Ríkisendurskoðun heimild til að skoða reikninga sveitarfélagana þegar um sameiginlegar aðgerðir stjórnvalda og sveitarfélaga er að ræða. (*Sjá einnig kafla 32 um fjárhagslegt eftirlit*)

Niðurstaða

Á heildina litið hefur Ísland hafið undirbúning og samþykkt tímasetta aðgerðaáætlun til þess að mæta öllum kröfum samheldnistefnu Evrópusambandsins. Vissar stofnanir (tilvonandi endurskoðunar- og vottunaryfirvald) hafa verið tilgreindar, undirbúningur fyrir stjórnunaryfirvald er hafinn og framkvæmd ítarlegrar þjálfunaráætlunar er hafin. Enn á eftir að tilgreina stjórnunaryfirvaldið og aðrar stofnanir. Uppsetning á framkvæmdakerfum, þar með töldum vöktunar- og upplýsingakerfum, er enn á frumstigi

4.23. 23. kafli: Réttarvarsla og grundvallarréttindi (*sjá einnig pólitísk viðmið*)

Réttarvarsla á Íslandi er álitin mjög traust. Hvað varðar *sjálfstæði og hlutleysi* hefur engin framþróun átt sér stað með tillögur sem lagðar voru fram af vinnuhópi sem settur var á fót í desember 2010 til að athuga stofnun áfrýjunardómstóls fyrir mál er varða einka- og refsímál, en málið er til athugunar hjá innanríkisráðuneytinu.

Varðandi *skilvirkni* í dómskerfinu, þá er áætlað að fækka héraðs- og hæstaréttardómurum í áföngum eftir janúar 2013, en þeim fjölgaði mikið eftir hrúnið árið 2008 vegna aukins álags hjá dómstólunum. Af þeim 43 héraðsdómurum sem starfa nú, voru einungis tveir ráðnir á skýrslutímabilinu. Fjöldi hæstaréttardómara er enn sá sami. Í júní 2012 voru samþykkt lög sem veita *aðstoðarmönnum dómara* aukin völd við afgreiðslu einkamála, en vonast er til að þetta auki skilvirkni aðstoðarmannanna. Stofnaður var sérfræðingahópur í janúar 2012 sem kanna á frekari skipulagningu rannsókna og ákæra er tengjast efnahagsbrotum.

Í desember 2011 var fyrsta stóra dómsmálið sem tengist bankarhuninu tekið fyrir þegar *sérstakur saksóknari* hóf málsmeðferð gegn fyrrverandi forstjóra Glitnis, fyrsta íslenska bankans til að falla árið 2008, og eins af lykilstarfsmönnum hans. Hæstiréttur staðfesti í febrúar 2012 niðurstöðu Héraðsdóms í máli fyrrverandi ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins sem var fundinn sekur um innherjaviðskipti og dæmdur í tveggja ára fangelsi.

Í mars 2012 var forstjóri Fjármálaeftirlitsins rekinn af yfirstjórn þess og var ákæra um glæpsamlegt athæfi gefin út á hendur honum.

Breytingar á lögum um meðferð sakamála sem gerðar voru í desember 2011 urðu þess valdandi að skrifstofur svæðisbundinna saksóknara verða ekki opnaðar fyrr en árið 2014 vegna fjárskorts. Tíminn fram til ársins 2014 verður nýttur í að meta hvort þörf sé á þessu nýja stjórnslustigi saksóknara yfir höfuð. Hópur sérfræðinga verður skipaður til þess að leggja mat á skipulagið.

Framfarir hafa orðið í **baráttunni gegn spillingu**. Siðareglur fyrir opinbera starfsmenn og starfsmenn stjórnslunnar voru innleiddar í maí 2012. Almennar siðareglur fyrir opinbera starfsmenn og pólitíska ráðgjafa eru enn í vinnslu. Forsætisráðherra kynnti Alþingi fyrstu skýrslu

samhæfingarnefndar um siðferðileg viðmið fyrir stjórnarsýsluna vorið 2012. Í kjölfar matsskýrslu samtaka ríkja gegn spillingu (GRECO) sem birt var í desember árið 2010 lagði ríkisstjórnin fram lagafrumvarp um breytingar á almennum hegningarlögum til að gera spillingu refsiverða. Frumvarpinu er einnig ætlað að hrinda í framkvæmd þeim tillögum sem borist hafa frá OECD um aðgerðir gegn mútum. Þar að auki eru breytingarnar á hegningarlögum nauðsynlegar ef fullgilda á viðbótarbókun við samning Evrópuráðsins um spillingu. Alþingi á enn eftir að samþykkja frumvarpið.

Ríkisendurskoðun fylgist enn með framkvæmd og eftirfylgni við löggjöf um fjármögnun stjórnmalaflokka, sem krefst þess að stjórnmalaflokkar skili reikningum til að þeir fái fjármögnun frá ríkinu. Á meðan á skýrslutímabilinu stóð höfðu sex af sjö stjórnmalaflokkum uppfyllt skyldur um lögbundin reikningsskil fyrir árið 2010. Samtök ríkja gegn spillingu (GRECO) samþykktu aðra matsskýrslu sína (e. *Third Round Compliance Report*) um Ísland í maí 2012. Niðurstaða þeirra var að fyrri tillögur um fjármögnun stjórnmalaflokka og sjálfstæði eftirlitsaðila með reikningum stjórnmalaflokka og stjórnmalamanna hafi verið framkvæmdar á fullnægjandi hátt.

Nokkrar ráðstafanir voru gerðar á skýrslutímabilinu til að stuðla enn frekar að verndun **grundvallarréttinda**, sem er nú þegar á háu stigi í landinu.

Undirbúningsvinna hófst á skýrslutímabilinu fyrir framkvæmdaáætlun um mannréttindi sem kynna á fyrir Alþingi. Tveir hópar voru skipaðir, annar með fulltrúum frá hinum ýmsu ráðuneytum og ráðgjafahópur með fulltrúum félagasamtaka og háskólasamfélagsins. Áætluninni er ætlað að stuðla að frekari vernd og eflingu mannréttindi á Íslandi, að ákvarða og samræma hlutverk ráðuneyta og samtaka sem starfa á vettvangi mannréttindamála, að ákveða hvort fullgilda skuli mannréttinasáttmála og meta hvort setja eigi á fót Mannréttindastofnun á Íslandi. Mánaðarlegar málstofur um mannréttindamál í tengslum við ofangreinda vinnu hafa verið haldnar síðan í desember 2011.

Varðandi borgaraleg- og stjórnmalaleg réttindi þá voru nokkrir fundir og málstofur skipulagðar í samstarfi við hagsmunaaðila, háskólasamfélagið og almenning sem fjölluðu um tjáningarfrelsi og lýðræði, trúfrelsi, lýðræði og sveitarfélög.

Drög að lögum um trúmál eru til umræðu á Alþingi. Þau fela í sér ákvæði sem myndu gera alla trúarhópa og lífskoðunarfélög jöfn fyrir lögum og gæfu þeim sem ekki vilja skrá sig hjá neinu trúfélagi aukið frelsi. Einnig myndi þetta þýða að lífskoðunarfélög, veraldleg mannhyggjufélög og svo framvegis gætu fengið greiddan „kirkjuskatt“, sem venjulega er greiddur til þess trúfélags sem einstaklingur er skráður í. Einnig yrði lögð niður sjálfvirk skráning barna hjá þjóðkirkjunni ef móðirin er skráð þar.

Hvað varðar efnahagsleg og félagsleg réttindi þá hófst vitundarvakningarátak um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum á meðan á skýrslutímabilinu stóð. Jafnréttisstofa birti yfirlit um jafnrétti á Íslandi sem átti að veita innsýn inn í þann árangur sem náðst hefur, bestu starfsvenjur og hvað læra megi af reynslunni.

Lög um bótagreiðslur til fórnarlamba kynferðisofbeldis voru samþykkt í júní 2012. Ráðstefna var skipulögð um sama málaflokk til þess að ræða hvernig bæta mætti dómskerfið. Þau málefni sem rædd voru náðu yfir ýmis atriði varðandi málsmeðferð, umbætur á löggjöfinni, hlutverk saksóknara í kynferðisbrotamálum og verndun barna gegn kynferðislegri misbeytingu.

Engin framþróun hefur orðið á sviði verndunar persónuupplýsinga. Núverandi löggjöf um gagnavernd er ekki í samræmi við *gerðir* ESB, þá sérstaklega er varðar flutning á gögnum til ríkja utan EES. Tryggja þarf frekara sjálfstæði Persónuverndar. Enn þarf að skoða nánar þær reglur sem gilda varðandi skipun innanríkisráðherra á stjórnarmeðlimum. Viðbótarbókun við samning Evrópuráðsins númer 108 um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga hefur enn ekki verið samþykkt.

Ekki er hægt að greina frá neinum framförum varðandi **réttindi borgara Evrópusambandsins**. Mismunandi meðferð á borgurum Norðurlanda annars vegar og íbúum annarra ESB ríkja hins vegar

er varðar kosningarétt til sveitarstjórnarkosninga er ekki í samræmi við *réttarreglur* ESB og mun Ísland þurfa að samræmast *réttarreglum* ESB í fyllingu tímans.

Niðurstaða

Ísland uppfyllir strangar kröfur á sviði réttarvörslu og grundvallarréttinda. Framþróun hefur orðið í eflingu regluverks á sviði refsiréttar og spillingar. Ísland heldur áfram að efla og vernda grundvallarréttindi. Löggjöf varðandi gagnavernd þarf að samræma að *réttarreglum* ESB, þá sérstaklega að því er snertir sjálfstæði Persónuverndar.

4.24. 24. kafli: Dóms- og innanríkismál

Varðandi dóms- og innanríkismál þá hefur Ísland, sem meðlimur í **Schengen samstarfinu**, nú þegar aðlagast vel *réttarreglum* ESB, sérstaklega að því er varðar **ytri landamæri** og **vegabréfsáritanir**. Ísland gegnir virku hlutverki í starfsemi Frontex og einnig í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir (VIS).

Engar framfarir hafa orðið á sviði **fólksflutninga**. Löggjöf um langtímadvöl, sérstök ákvæði fyrir rannsóknaraðila, og innleiðing tilskipunar Evrópusambandsins um svonefnt blátt kort (e. *Blue Card Directive*) þarf enn að samræma *réttarreglum* ESB. Það sama gildir á sviði fjöldskyldusameiningar og lágmarksstaðla um viðurlög gegn vinnuveitendum sem ráða til sín ólöglega innflytjendur frá ríkjum utan EES. Á heildina litið er Ísland langt komið á þessu sviði.

Engin framþróun hefur orðið á sviði **hælistmála**. Ísland þarf meðal annars að breyta skilgreiningum sínum um hælistleitendur og einstaklinga sem uppfylla skilyrði um viðbótarvernd. Ísland er enn ekki aðili að Stuðningsskrifstofu ESB á sviði hælistmála (e. European Asylum Support Office). Ísland er á góðri leið með að mæta öllum kröfum á þessu sviði.

Ekki er hægt að tilkynna neinar breytingar á sviði **dómsmálasamstarfs í einkamálum og sakamálum**. Sáttmálinn um vernd barna frá 1996 og sáttmálinn um stuðning við börn frá 2007 og viðbótarbókun hans hafa enn ekki verið undirrituð og fullgild. Gott samstarf á milli Íslands og Evrópsku réttaraðstoðarinnar (en. Eurojust) heldur áfram. Undirbúningur þarf að hefjast til að deila sakaskrár með aðildarríkjum Evrópusambandsins í gegnum hið evrópska gagnakerfi um sakaskrár (ECRIS). Ísland er vel á veg komið með að uppfylla kröfur *réttarreglna* ESB á þessu sviði.

Framfarir hafa orðið á sviði **lögreglusamstarfs og í baráttunni gegn skipulagðri glæpastarfsemi**. Ísland hefur samþykkt samning Evrópuráðsins um mansal og vinna tengd endurskoðun fimm ára aðgerðaáætlunar gegn mansali er hafin. Samningur Evrópuráðsins er varðar vernd barna gegn kynferðislegri misbeytingu hefur verið undirritaður en ekki fullgildur. Ísland hefur breytt almennum hegningarlögum varðandi barnaklám svo þau samræmist samningi Evrópuráðsins um netglæpi. Enn á eftir að samþykkja valfrjálsa bókun við þann samning. Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra sameinaðist embætti sérstaks saksóknara. Bókanir við samninga Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri glæpastarfsemi (Palermo samningurinn), varðandi smygl á farandverkamönnum og gegn framleiðslu og sölu á ólöglegum vopnum hafa verið undirritaðar en ekki fullgildar. Ísland heldur áfram sínu góða samstarfi við Europol. Framkvæmd reglna og fyrirkomulag varðandi gagnaskipti og grunnvirki upplýsingatækni þarf að aðlaga til þess að mæta kröfum varðandi samstarf lögreglu- og tollyfirvalda. Ísland er komið langt á þessu sviði. Ísland er líka mjög framarlega í **baráttunni gegn hryðjuverkum, samstarfi á sviði eiturlyfja og samstarfi tollyfirvalda**, en ekki er hægt að tilkynna neinar breytingar á þessum sviðum.

Varðandi falsanir á **evrum** sjá 32. kafla um fjárhagslegt eftirlit.

Niðurstaða

Ísland heldur áfram að framfylgja Schengen samningnum og samræmist að miklu leyti *réttarreglum* ESB á sviðum réttlætis, frelsis og öryggis. Ísland þarf að halda aðlögun sinni að *gerðum* ESB áfram á nokkrum sviðum, til að mynda á sviði fólksflutninga, hælistmála og dómsmálasamstarfs.

4.25. 25. kafli: Vísindi og rannsóknir

Ísland hefur nú þegar náð miklum árangri í aðlögun að *réttarreglum* ESB á þessu sviði vegna aðildar landsins að EES samningnum og samstarfi í gegnum rammaáætlanir Evrópusambandsins og þátttöku í rammaáætlunum evrópska rannsóknarsvæðisins.

Rammaáætlun Íslands um **rannsóknir og nýsköpun** er í samræmi við það sem þekkist hjá aðildarríkjum Evrópusambandsins.

Sem samstarfsland þá hefur Ísland haldið áfram þátttöku sinni í sjöundu rammaáætlun Evrópusambandsins um rannsóknir og tækniþróun (FP7). Þátttakan gengur vel og nær yfir öll þau svið og áætlanir sem FP7 felur í sér.

Framþróun var á **evrópska rannsóknarsvæðinu (ERA)**, þar sem Ísland tók frekari skref til að auðvelda aðlögun sína að ERA og styrkja rannsóknir og nýsköpun í landinu. *Stefnumörkunin Ísland 2020* tekur tillit til markmiða evrópska rannsóknarsvæðisins.

Varðandi rannsóknarstyrki þá er markmiðið að hækka útgjöld sem renna til rannsókna og þróunar úr 2.7% af vergri landframleiðslu í 4% fyrir árið 2020, eins og tekið er fram í *Stefnumörkuninni Ísland 2020*. Til að ná fram þessu markmiði hefur ríkistjórnin boðið fyrirtækjum skattaávilnanir vegna fjárútláta sem renna til rannsókna og þróunar.

Niðurstaða

Á heildina litið er aðlögun mikil á sviðum vísinda og rannsókna og tekur Ísland virkan þátt í rammaáætlun Evrópusambandsins um rannsóknir og tækniþróun (FP7). Vegna hlutdeildar sinnar í starfsemi sem tengist evrópska rannsóknarsvæðinu þá er Ísland langt komið í að mæta öllum markmiðum evrópska rannsóknarsvæðisins og nýsköpunarsambandsins (e. *Innovation Union*).

4.26. 26. kafli: Menntun og menning

Vegna þátttöku sinnar í evrópska efnahagssvæðinu þá hefur Ísland innleitt verulegan hluta af *réttarreglum* ESB á sviði menntunar og menningarmála.

Einhver þróun átti sér stað í málefnum **menntunar, starfsþjálfunar, æskulýðsmála** og íþróttu. Ný námskrá fyrir öll skólaár var birt í maí árið 2011 og var sú námskrá tekin í notkun á skólaárinu 2011-2012. Í júní 2012 voru gerðar breytingar á lögum um háskóla sem varða sjálfstæði háskólastofnanna, lýðræði og þátttöku nemenda og starfsmanna í stjórnun skólanna og réttindi fatlaðra nemenda.

Varðandi samvinnu um stefnumið þá heldur Ísland áfram þátttöku sinni í opna samráðsferlinu á sviði menntunar. Í samanburði við það sem gengur og gerist í Evrópusambandinu þá er hlutfall háskólamenntaðs fólks á aldrinum 30-34 ára á Íslandi enn yfir meðallagi, en það á reyndar líka við um brottfall nemenda úr skólum. Á skýrslutímabilinu skrifaði ríkistjórnin undir samning um áætlun til að hvetja fólk á aldrinum 18 til 25 ára til að klára framhaldsskóla. Á sviði símenntunar er Ísland yfir þeim markmiðum sem sett voru af Evrópusambandinu fyrir árið 2020.

Einhver framþróun hefur orðið varðandi aðgengi að menntun fyrir borgara ESB. Í september 2011 var samþykkt löggjöf sem skýrðu ákvæði varðandi aðgengi borgara frá evrópska efnahagssvæðinu að námslánum úr Lánasjóði Íslenskra námsmanna og innleiddi kröfur um að lántakendur hafi almennt dvalarleyfi.

Ísland heldur áfram að taka þátt í þónokkrum áætlunum ESB, þar með talið Menntaáætlun ESB, Evrópu unga fólksins og Erasmus áætluninni. Þáttaka Íslands í Evrópumíðstöð fyrir þróun starfsmenntunar heldur áfram og landið hefur skipað fulltrúa til að vera áheyrnarfulltrúar í ráðgjafarnefnd um starfsmenntun. Mennta- og menningarmálaráðuneytið er enn að vinna að einföldun verklagsreglna til að ná fullu samræmi við kröfur Menntaáætlunar Evrópusambandsins og

Evrópu unga fólksins um verkefnastjórnun. Ísland hefur sýnt því áhuga að taka þátt í áætluninni Evrópa fyrir borgara (e. *Europe for citizens*).

Viðmið um æðri menntun og prófgráður sem byggjast á námsárangri hafa verið þróaðar á háskólastigi. Viðmið þessi byggja á evrópska rammanum um menntun og hæfni (EQF).

Ísland tekur áfram þátt í Menningaráætlun Evrópusambandsins fyrir árin 2007 til 2013 og hefur ítrekað áhuga sinn á að taka þátt í opna samráðsferlinu um menningarmál.

Niðurstaða

Á heildina litið þá er Ísland í miklu samræmi við *réttarreglur* ESB á sviðum menntunar og menningar og hélt þátttöku sinni áfram í þónokkrum áætlunum um menntun og menningu.

4.27. 27. kafli: Umhverfismál

Vegna aðildar Íslands að EES-samningnum þá hefur það að mestu aðlagast að *réttarreglum* ESB á þessu sviði.

Varðandi þverlæga löggjöf á sviði **umhverfismála**, þá voru lög samþykkt í júní 2012 til að innleiða tilskipun um umhverfisábyrgð (e. *Environmental Liability Directive*). Lög þessi fela í sér ákvæði um ábyrgð vegna tjóns á vernduðum tegundum og nátturuverndarsvæðum eins og þau eru skilgreind í íslenskum lögum,

Árósarsamningurinn (e. *Aarhus Convention*) var fullgildur í október árið 2011. Breytingar voru gerðar á gildandi löggjöf varðandi skyldu hins opinbera til að veita upplýsingar um umhverfismál. Héðan í frá er hinu opinbera skylt að veita almenningi upplýsingar, að eigin frumkvæði, um yfirvofandi hættu vegna mengunar eða verulegra umhverfisbreytinga. Enn á eftir að innleiða tilskipunina um umhverfisglæpi.

Verið er að vinna að breytingum á löggjöf um mat á umhverfisáhrifum. Fyrirhugaðar breytingar varða líka þau viðmið sem notuð verða til að ákveða hvort þörf sé á mati á umhverfisáhrifum í verkefnum. Engin framþróun hefur orðið varðandi fullgildingu Espoo-samningsins um umhverfisáhrif þvert á landamæri.

Löggjöf um *loftgæði* á Íslandi er í miklu samræmi við *réttarreglur* ESB. Unnið er að aðlögun að tilskipuninni um losunarhámarks ríkja (NECD).

Löggjöf varðandi *meðferð úrgangs* er að mestu leyti í samræmi við *réttarreglur* ESB. Engar framfarir hafa orðið á þessu sviði.

Engar breytingar hafa orðið á sviði *vatnsgæða*. Reglugerð um baðvatn er til en er ekki í fullu samræmi við tilskipunina. Aðlögun að tilskipun um hafsvæði (e. *Marine Strategy Framework Directive*) og flóðatilskipunina hefur enn ekki orðið.

Hvað *nátturuvernd* varðar þá hefur Ísland haldið áfram vinnu við kortlagningu á búsvæðum. Enn á eftir að korleggja 60% svæðanna og klára aðrar aðgerðir sem nauðsynlegar eru fyrir val á bráðabirgðastaðsetningu fyrir Evrópunet verndarsvæða (e. *Natura 2000*). Ekki er hægt að greina frá neinum breytingum á löggjöf eða nýjar ráðstafanir um aðlögun að *réttarreglum* ESB er varða verndun hvala, villtra fuglategunda, nátturusvæða, villtra planta og dýra né heldur hvað varðar bann við innflutningi á selaafurðum til Evrópusambandsins.

Ísland hefur aðlagast að miklu leyti *gerðum* ESB um *mengunarvarnareftirlit og áhættustjórnun* og ekki er hægt að tilkynna frekari framþróun á því sviði.

Hvað varðar *íðefni*, þá er unnið að framkvæmd reglugerðar um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efna (REACH) og er sú vinna í góðum farvegi. Engar framfarir hafa orðið á fullgildingu Rotterdam-samningsins.

Ísland tapaði máli fyrir EFTA dómstólnum sem kom til vegna kæru Eftirlitsstofnunar EFTA fyrir að hafa ekki fundið lausn á vandamáli er varða hávaðamengum á vegum, sem settar eru fram í tilskipun um hávaðamengun. Vegna kröfu dómstóla þá lagði Ísland fram hávaðakort fyrir aðalvegi í júní 2012.

Varðandi *almanavarnir*, þá er Ísland enn þátttakandi í Evrópska almanavarnakerfinu og hefur átt þátt í vinnu Evrópsku almanavarnanefndarinnar.

Hvað varðar **loftlagsbreytingar**, þá sýnir Ísland stöðugar framfarir. Samvinna Íslands og Evrópusambandsins í alþjóðlegu samhengi hefur verið efl. Í maí kynnti Ísland bráðabirgðamarkmið sín um takmarkanir og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda (QELRO), fyrir seinni skuldbindingartímabil Kópólubókunarinnar. Þessi markmið byggja á samkomulagi um að þau verði uppfyllt í samstarfi við Evrópusambandið og aðildarríki þess samkvæmt 4. grein Kópólubókunarinnar. Ísland tengist reglulega afstöðu Evrópusambandsins og uppfyllir áfram kröfur um skýrslugjöf í tengslum við rammisamning Sameinuðu þjóðanna um loftlagsbreytingar og Kópólubókunina.

Umhverfislöggjöf var samþykkt í júní 2012 til þess að samræmast breyttu kerfi Evrópusambandsins um viðskiptakerfi losunarheimilda (EU ETS) og einnig til þess að leggja lagagrundvöll fyrir framkvæmdaáætlun um loftslagsaðgerðir (e. National Climate Action Plan) og stofnun loftlagssjóðs. Aðlögun að *gerðum* ESB varðandi viðskiptakerfi losunarheimilda Evrópusambandsins er enn ólokið hvað varðar uppboð, skráningu, eftirlit og skýrslugjöf.

Hvað eftirlitskerfi Evrópusambandsins varðar, þá hefur Ísland náð miklum framförum í sambandi við reglufylgni, þó enn sé þörf á nokkrum breytingum, sérstaklega er varðar söfnun gagna og skýrslugjöf fyrir skrá um gróðurhúsalofttegundir (GHG).

Varðandi eldsneytisgæði, þá er Ísland ekki í samræmi við tilskipun um skilgreiningu á eldsneyti. Undirbúningsvinna fyrir samþykki á reglugerðum Evrópusambandsins um losunarstaðla fyrir nýja bíla og sendiferðabíla er hafin.

Skref voru tekin til að samræmast löggjöf Evrópusambandsins um flúoraðar gastegundir og ósoneyðandi efni. Aðlögun Íslands að tilskipuninni um geymslu koltvísýrings í jörðu er ekki lokið.

Varðandi **getu stjórnsýslunnar** þá bætti umhverfis- og auðlindaráðuneytið þremur starfsmönnum við sig á meðan á skýrslutímabilinu stóð. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur einnig ráðið fjóra nýja starfsmenn til þriggja ára. Á skýrslutímabilinu voru engar breytingar varðandi eflingu stjórnsýslu á sviði loftlagsbreytinga.

Niðurstaða

Á heildina litið þá samræmist stefna Íslands í þessum kafla að mestu leyti *réttarreglum* ESB vegna aðildar Íslands að EES-samningnum og nokkrar framfarir urðu á sviðinu. Grunnstofnanir eru að mestu leyti til staðar. Aðlögun að *réttarreglum* ESB um náttúruvernd er ólokið og þá sérstaklega er varðar vernd á hvöllum, selum, villtum fuglum, náttúrusvæðum og villtum plöntum og dýrum. Það sama gildir fyrir vatnsgeirann, þá sérstaklega er varðar aðlögun að tilskipun um hafsvæði og flóðatilskipunina. Þörf er á frekari vinnu á sviði loftlagsbreytinga, sér í lagi hvað varðar losunarviðskiptakerfi Evrópusambandsins (EU ETS) (skráningar, uppboð, eftirlit og skýrslugjöf), gæði eldsneytis og geymslu koltvísýrings í jörðu. Ísland á enn eftir að samþykkja Espoo- og Rotterdam-samninganna.

4.28. 28. kafli: Neytenda- og heilsuvernd

Vegna aðildar Íslands að EES-samningnum þá er stór hluti *réttarreglna* ESB á sviði neytenda- og heilsuverndar nú þegar í gildi.

Einhverjar framfarir hafa orðið á sviði **neytendaverndar**. Nefnd innan innanríkisráðuneytisins er með nokkur atriði til skoðunar er varða neytendavernd með það að markmiði að einfalda aðgang neytenda að úrræðum og að gera afgreiðslu mála á einum stað mögulegan.

Varðandi *málefni sem tengjast vöruöryggi*, þá hefur aðlögun að ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB um að banna vörur sem innihalda *biocide dimethylfumarate* verið lokið. Enn á eftir að ljúka aðlögun að *gerðum* ESB um almennt vöruöryggi varðandi hættulegar eftirlíkingar og bótaábyrgðar vegna gallaðrar vöru. Tilkynningakerfi Evrópusambandsins um vöruöryggi og innkallanir (RAPEX) er orðið skilvirkara vegna bættra tilkynningaraðferða. Þar að auki var reglum varðandi aðgengi íslenskra eftirlitsstofnana að RAPEX breytt í febrúar 2012, en sú breyting gaf öllum viðeigandi stofnunum aðgengi að kerfinu. Efla þarf forvirkt markaðseftirlit.

Hvað varðar *önnur málefni sem ekki tengjast öryggi* þá á Alþingi eftir að samþykkja löggjöf sem samræmist tilskipun um lánasamninga við neytendur og tilskipun um skiptileigu. Einnig er þörf á lagalegu frumkvæði hvað varðar ósamngjarna samningsskilmála, lögbönn, fjarsölu, sala til heimila, villandi auglýsingar og auglýsingar með samanburði, og óréttmæta viðskiptahætti.

Einhver framþróun hefur orðið á sviði **lýðheilsu**. Undirbúningsvinna er hafin á lýðheilsuáætlun fyrir árið 2015 sem tekur við af fyrri áætlun frá árinu 2010.

Varðandi *tóbaksvarnir*, þá er í undirbúningi gerð stefnu á því sviði í vinnslu. Landspítalinn og Landlæknisembættið hafa skrifað undir samstarfssamning sem felur í sér tóbaksvarnaráætlun fyrir spítalann.

Á sviði *smit sjúkdóma*, þá hefur listi yfir þá sjúkdóma sem eftirlitskerfi Evrópusambandsins nær yfir verið birtur.

Á sviði *blóðs, vefja, frumna og líffæra*, þá hefur aðlögun að tilskipun um hámarks sýrustig sem er leyfilegt fyrir rauðkornaþykki þegar geymsluþoli hefur verið náð. Enn á eftir að samræma reglur við *réttarreglur* ESB um líffæri, viðmiðunarreglur um aðbúnað við skoðanir og eftirlit, sem og varðandi þjálfun og hæfnisviðmið fyrir embættismenn.

Enn á eftir að aðlagast *gerðum* ESB um *réttindi sjúklinga og heilbrigðisþjónustu þvert á landamæri*.

Staða *geðheilbrigðisþjónustu* í samfélaginu er svipuð því sem fyrirfinnst í aðildarríkjum Evrópusambandsins.

Undirbúningsvinna er hafin á aðgerðaáætlun gegn krabbameini. Enn á eftir að innleiða áætlun um *skimun eftir krabbameini í ristli og endaparmi*.

Niðurstaða

Ísland samræmist mjög og beitir verulegum hluta *réttarreglna* ESB varðandi neytenda- og heilsuvernd. Framþróun hefur orðið á sviði lýðheilsu. Frekari aðgerðir eru nauðsynlegar til að aðlagast *réttarreglum* ESB, sérstaklega á sviði neytendaverndar þar sem enn er bil á milli íslenskrar löggjafar og þeirrar evrópsku.

4.29. 29. kafli: Tollabandalag

Ísland hefur innleitt *réttarreglur* ESB um tollabandalag að verulegum hluta.

Engar framfarir hafa orðið á sviði **tollalöggjafar**. Aðlögun að *gerðum* ESB um tollabandalag Evrópusambandsins er ófullnægjandi. Enn er ósamræmi varðandi tollskrá, almenn tollalög,

upprunareglur, aðgerðir sem hafa efnahagsleg áhrif, öryggisreglur og niðurfellingu tollgjalda. Undirbúningur á þessu sviði stendur nú yfir.

Einhver framþróun hefur orðið á **stjórnsýslu- og rekstrarlegri getu**. Verið er að þróa viðskiptaáætlun út frá þeim tillögum sem urðu til við æfingu í áætlunargerð (e. *blueprints exercise*). Vinna við áætlun fyrir upplýsingatækni hófst vorið 2012, og frumskref voru tekin í þróun upplýsingatæknikerfa. Þetta hafði í för með sér frekari námsferðir, námskeið og þjálfun. Fjármagni hefur verið ráðstafað fyrir undirbúning á verkefni um uppsetningu á áningar- og tollgjaldakerfum (e. *transit and tariff customs systems*) og nokkrir sérfræðingar hafa nú þegar verið ráðnir til starfa. Þjálfun á sviði uppbyggingar, ákvarðanatökufarla varðar og starfsemi tollabandalagsins heldur áfram.

Breytingar á lögum varðandi Tollskóla ríkisins voru gefnar út í janúar 2012. Lágmarksmenntun hefur verið hækkuð fyrir ákveðnar stöður innan Tollstjóraembættisins. Undirbúningur á þessu sviði er kominn vel á veg.

Niðurstaða

Ísland beitir verulegum hluta *réttarreglna* ESB á sviði tollabandalagsins og hafa nokkrar framfarir orðið á þessu sviði. Enn þarf að leysa ákveðið ósamræmi varðandi tollskrár, almenn tollalög, upprunareglur, aðgerðir sem hafa efnahagsleg áhrif, öryggisreglur og niðurfellingu tolla. Undirbúningur fyrir skilvirka framkvæmd á *réttarreglum* ESB, ef af aðild verður, er hafinn. Þetta á sérstaklega við um reglur er varða tollmeðferð og þróun á tengingu við upplýsingakerfi Evrópusambandsins. Engu að síður, þá þarf að efla umbætur varðandi tollalöggjöf og stjórnsýslugetu, þar með talið upplýsingatækni.

4.30. 30. kafli: Samskipti við önnur ríki

Ísland hefur nú þegar aðlagast að miklu leyti hvað varðar samskipti við önnur ríki.

Ísland er enn að meta þær breytingar sem þörf er á til að aðlagast *réttarreglum* ESB hvað varðar sameiginlega viðskiptastefnu. Ísland og Evrópusambandið hafa ákveðið að halda reglulega fundi um fyrirkomulag varðandi viðskiptastefnu að því er varðar Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO).

Engar stórar breytingar hafa orðið á útflutningslánnum eða vörum sem þjóna tvennskönar tilgangi. Löggjöf á þessum sviðum er nú þegar að mestu leyti í samræmi við *réttarreglur* ESB. Hvað varðar vörur sem þjóna tvennskönar tilgangi, þá er umsókn Íslands fyrir inngöngu í Wassenaar-fyrirkomulagið, um útflutningseftirlit á hefðbundnum vopnum og vörum og tækni sem þjóna tvennskönar tilgangi, enn í vinnslu. Engin breyting hefur orðið varðandi það að ganga til liðs við Kimberley-ferlið.

Hvað varðar **tvíhliða samninga við lönd utan evrópska efnahagssvæðisins**, þá héldu viðræður áfram um tvíhliða fríverslunarsamning við Kína um vörur og þjónustu. Í gegnum EFTA fullgilti Ísland fríverslunarsamninga við Svartfjallaland, Hong Kong og samstarfsráð Arabaríkja við Persaflóa. Viðræður standa nú yfir um fríverslunarsamninga við Bosníu og Hersegóvínu, lönd í mið-Ameríku (Gvatemala, Hondúras, Kostaríka og Panama), Indland, Indónesíu, Alsír og Víetnam, ásamt viðræðum um sameiginlegt samkomulag við Rússland, Hvíta-Rússland, og Kasakstan. Þá standa viðræður nú yfir um tvíhliða fjárfestingasáttmála á milli Íslands og Tyrklands.

Hvað varðar **stefnu í þróunarmálum**, þá nam opinber þróunaraðstoð 0,21% af vergum þjóðartekjum árið 2011. Ísland fer eftir áætlun um þróunarsamvinnu fyrir árin 2011 til 2014 sem samþykkt var í fyrra. Háskóli Sameinuðu þjóðanna og Orkustofnun Íslands skrifuðu undir samning sem framlengir samvinnu hvað varðar rekstur á Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Ísland hóf samstarf við Alþjóðabankann og sex austur-afrísk lönd á sviði jarðvarmanýtingar og fjármagnaði nýjan spítala í Malaví.

Varðandi **mannúðaraðstoð**, þá varði Ísland 8,4% af opinberri þróunaraðstoð sinni árið 2011 til mannúðaraðstoðar og neyðaraðstoðar, í samanburði við 9% árið 2010.

Niðurstaða

Ísland hefur nú þegar aðlagast að miklu leyti *réttarreglum* ESB á þessu sviði og framfarir hafa átt sér stað varðandi samskipti við önnur ríki. Einhver framþróun hefur orðið varðandi Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO) þar sem Ísland og Evrópusambandið hafa ákveðið að halda reglulega samráðsfundi um viðskiptastefnur sínar.

4.31. 31. kafli: Stefna í utanríkis-, öryggis- og varnarmálum

Ísland hefur nú þegar aðlagast að miklu leyti í þessum málaflokkum.

Ísland og Evrópusambandið héldu áfram reglulegum **pólitískum skoðanaskiptum** varðandi utanríkismál. Ísland hefur sýnt sérstakan áhuga í virkum umræðum um arabíska vorið í tengslum við ástandið og þróun mála í Sýrlandi og Íran. Vegna landfræðilegrar legu Íslands, þá heldur það áfram að gegna virku hlutverki í málefnum Norðurslóða.

Þegar kemur að **sameiginlegri stefnu í utanríkis- og öryggismálum ESB** (CFSP) þá tók Ísland undir, þegar upp á það var boðið, 64 af 70 yfirlýsingum Evrópusambandsins og ákvörðunum ráðsins (91% samræmi). Ósamræmi er aðallega af tæknilegum ástæðum, þar sem að í nokkrum tilfellum þá eru reglur um framkvæmd nú þegar til staðar.

Í september 2011 samþykkti Alþingi ályktun þess efnis að utanríkisráðherra skyldi setja saman þverpólitíska nefnd sem leggja skal drög að þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. Stefnan þarf að taka tillit til þeirrar staðreyndar að Ísland hefur engan her og hafa einnig til hliðsjónar áhættumatsskýrslu fyrir Ísland frá 2009, sáttmála Sameinuðu þjóðanna og aðrar alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Nefndin var skipuð í janúar 2012 og var boðað til fyrsta fundar í febrúar. Gert er ráð fyrir því að nefndin kynni tillögur sínar fyrir utanríkisráðherra í nóvember 2012.

Engin framþróun hefur orðið við stofnun embættis evrópsks fulltrúa (e. *European Correspondent*) og ráðningu í þá stöðu. Sviðsstjóri á alþjóða- og öryggismálasviði hjá utanríkisráðuneytinu er enn yfirmaður pólitískra mála.

Varðandi *viðurlög og þvingunaraðgerðir*, þá hefur Ísland tekið allar ákvarðanir sem nauðsynlegar eru fyrir innleiðingu á flestum þeim takmarkandi ráðstöfunum sem kynntar voru í ákvörðunum ráðsins. Engar framfarir hafa orðið varðandi framkvæmd á sameiginlegri afstöðu um sértækar aðgerðir gegn hryðjuverkum (e. *Common Position on specific measures to combat terrorism*) eða sameiginlegum aðgerðum varðandi úrræði gegn áhrifum af beitingu löggjafar sem ríki utan Evrópusambandsins hefur samþykkt og hefur áhrif utan lögsögu þess og þeim aðgerðum sem byggjast á fyrrnefndri löggjöf (e. *Joint Action concerning measures protecting against the effects of the extra-territorial application of legislation adopted by a third country*).

Engin breyting var á *aðgerðum til að fyrirbyggja átök* eða hvað varðar *útbreiðslu geryðingarvopna* né heldur áætlun um geryðingarvopn/smá- og léttvopn (WMD/SALW).

Samstarf Íslands við alþjóðastofnanir eins og Sameinuðu þjóðinnar, NATO, OECD, ÖSE og Evrópuráðið heldur áfram. Ísland tók virkan þátt og lék lykilhlutverk í Norðurskautsráðinu, Þingmannaráði norðurslóða (CPAR), Barentsráðinu (BEAC), Norðlægu víddinni (e. Northern Dimension), Norrænu ráðherranefndinni og Vestnorræna ráðinu. Ísland studdi dyggilega við tillögu þess efnis að ríkisstjórnir Norðurlandanna kæmu sér saman um áætlun um málefni Norðurslóða undir forystu Norðurlandaráðs. Ísland styður umsókn Evrópusambandsins um að verða fastur áheyrnarfulltrúi hjá Norðurskautsráðinu. Ísland hefur einnig sett af stað framtaksverkefni með það markmið að greina sameiginlega hagsmuni Íslands, Grænlands og Færeyja á sviði loftlagsbreytinga og hnattrænnar hlýnunar.

Engar breytingar hafa orðið í sambandi við *öryggisráðstafanir* (*trúnaðarupplýsingar*).

Varðandi framlag til **sameiginlegrar stefnu í öryggis- og varnarmálum (CSDP)**, þá hefur engin framþróun orðið á sviði *borgaralegrar hættustjórnunar*. Sem stendur er Ísland ekki þátttakandi í neinum verkefnum ESB sem tengjast borgaralegri hættustjórnun. Utanríkisráðuneytið ber ábyrgð á varnar- og öryggisaðgerðum og þeim málefnum sem tengjast NATO en innanríkisráðuneytið ber ábyrgð á þeim aðgerðum sem áður tengdust Varnarmálastofnun.

Niðurstaða

Á heildina litið þá hefur Ísland aðlagast vel á þessu sviði. Ísland hefur tekið undir flestar yfirlýsingar Evrópusambandsins og ákvarðanir ráðsins þegar það hefur boðist. Ísland hefur þróað áfram starfið varðandi Norðurslóðir þar sem að það hefur skýru og virku hlutverki að gegna í svæðisbundnum samtökum í Norður-Evrópu og á Norðurskautssvæðinu.

4.32. 32. kafli: Fjárhagslegt eftirlit

Ísland hefur að hluta til aðlagast alþjóðlegum stöðlum og bestu starfsvenjum Evrópusambandsins varðandi fjárhagslegt eftirlit.

Það hafa orðið framfarir á sviði **opinbers innra fjármálaeftirlits** (e. *public internal financial control, PIFC*). Lokið var við nákvæmt samræmismat á því sviði í janúar 2012. Heildarlöggjöf um breytingar á fjárlagagerð, þar með talið opinbert innra fjármálaeftirlit, er í bígerð. Enn á eftir að gera stefnumarkandi yfirlýsingu varðandi opinbert innra fjármálaeftirlit sem felur í sér tímamörk fyrir mögulegar aðgerðir. Innri endurskoðun hjá hinu opinbera þarf að innleiða á kerfisbundinn hátt, og er undirbúningur á þessu sviði hafinn.

Miklar framfarir hafa orðið á sviði **ytri endurskoðunar**. Ytri endurskoðun hefur verið aðskilin innri endurskoðun þar sem Ríkisendurskoðandi hætti allri starfsemi sem viðkemur innri endurskoðun í lok ársins 2011. Vinna hófst við gerð þróunaráætlunar um ytri endurskoðun. Fullu samræmi við alþjóðleg samtök ríkisendurskoðana (INTOSAI) hefur ekki verið náð, þar með talið friðhelgi fyrir Ríkisendurskoðanda og starfsfólk hans. Undirbúningur á þessu sviði er kominn vel á veg.

Engin framþróun hefur orðið varðandi **verndun fjárhagslegra hagsmuna ESB**. Löggjöf Íslands í þessum málaflokki þarf að samræma frekar við gildandi samning um verndun fjárhagslegra hagsmuna ESB og bókanir þess. Einnig á eftir að tilgreina hvaða stofnun mun bera ábyrgð á samræmingu og samvinnu með framkvæmdastjórn Evrópusambandsins í baráttunni gegn spillingu og verndun fjárhagslegra hagsmuna sambandsins. Vinna á þessu sviði stendur enn yfir.

Lítil breyting hefur orðið varðandi **vernd evrunnar gegn fölsun**. Þýðing á Genfarsamningnum um aðgerðir til að koma í veg fyrir fölsun á gjaldmiðlum er í vinnslu, og er stefnt á fullgildingu hans. Á heildina litið þá er undirbúningur á þessu sviði á réttri leið.

Niðurstaða

Fjármálaeftirlitskerfi Íslands samræmist að hluta til alþjóðlegum stöðlum og bestu starfsvenjum Evrópusambandsins en undirbúningsvinna stendur enn yfir á þessu sviði. Áfram þarf að vinna í stefnuskjali varðandi opinbert innra fjármálaeftirlit (PIFC). Þá þarf að koma á innri endurskoðun og tryggja samræmi við kröfur INTOSAI varðandi ytri endurskoðun og vernd á fjárhagslegum hagsmunum Evrópusambandsins.

4.33. 33. kafli: Framlagsmál

Ísland samræmist að hluta til *réttarreglum* ESB á sviði framlagsmála (e. *financial and budgetary provisions*).

Engin breyting hefur orðið á **hefðbundnum eigin tekjum (TOR)**. Enn á eftir að móta viðeigandi starfshætti og bókhaldskerfi fyrir eigin tekjur og gera þær aðgengilegar, sérstaklega er varðar „A“ og

„B” reikninga. Bæta þarf afskriftakerfið fyrir óafturkallanlegar skuldir sem og að bæta endurskoðun að lokinni rýmingu á athafnasvæði seljanda (e. *post-clearance auditing on traders' premises*).

Engar framfarir hafa orðið varðandi undirbúning fyrir upptöku á tekjuöflunarkerfi ESB (OWNRES). Stofnanir og grundvallarreglur á stefnusviðum sem hafa óbein áhrif á OWNRES virka vel. Upplýsingakröfur OWNRES þarf að endurskoða og móta þarf aðferðir til þess að tilkynna svik eða frávik til framkvæmdastjórnarinnar.

Þörf er á ábyrgðakerfi fyrir tolla sem leggjast á við losun varnings sem fer í frjálsa dreifingu með aðstöðu til að veita greiðslufrest til að vernda fjárhagslegu hagsmuni Evrópusambandsins. Gagnavinnslukerfi tollafgreiðslunnar þarf frekari þróun til þess að samræmast kerfum Evrópusambandsins.

Engar breytingar hafa orðið á **virðisaukaskattstekjum**. Ísland þarf að þróa getu til þess að reikna á nákvæman hátt vegið meðaltal vaxtastuðla og jákvæðar og neikvæðar leiðréttingar á virðisaukastofni á millistigum. (e. *intermediate VAT base*).

Framþróun hefur orðið varðandi **stofn vergra þjóðartekna** (e. *Gross National Income resource*), þar sem að Ísland er í miklu samræmi við *gerðir* ESB og beitir verulegum hluta af stöðlum þjóðhags- og svæðisreikningakerfi Evrópusambandsins frá 1995 (ESA 95). Verið er að vinna í að laga ákveðna annmarka á kerfinu með tímasettri aðgerðaáætlun.

Engar framfarir hafa orðið á **innviðum stjórnsýslunnar**. Ísland þarf að setja upp aðgerðastjórn til að koma á íslenskri útgáfu af OWNRES kerfinu og beita reglum Evrópusambandsins varðandi eigin tekjur. Enn er skortur á samræmingu og samvinnu á milli stofnana til undirbúnings á því að takast á við reglur Evrópusambandsins um fjárframlög. Fjármála- og efnahagsráðuneytið þarf að búa til aðgerðaáætlun til þess að þróa viðeigandi stjórnsýslugetu.

Niðurstaða

Á heildina litið þá er Ísland í miklu samræmi við þau stefnusvið sem liggja til grundvallar og hafa áhrif á framlagsmál. Engin framþróun var á þessum kafla á meðan skýrslutímabilinu stóð. Stofna þarf samræmingareiningu til að stýra og einfalda foraðildar undirbúning og koma þarf á fót viðeigandi vinnuaðferðum. Tilnefna þarf hinar ýmsu stofnanir sem eiga að taka þátt í OWNRES og skilgreina ábyrgð og viðfangsefni þeirra.

TÖLFRÆÐILEGUR VIÐAUKI

TÖLFRÆÐILEG GÖGN ÍSLAND

Grunnupplýsingar	Ath.	2001	2007	2008	2009	2010	2011
Fólksfjöldi (í þúsundum)		283	308	315	319	318	318
Heildarsvæði lands (km ²)		103 000	103 000	103 000	103 000	103 000	103 000

Þjóðhagsreikningar	Ath.	2001	2007	2008	2009	2010	2011
Verg landsframleiðsla (VLF) (í milljónum króna)		771 894	1 308 530	1480 346	1497 639	1536 512	1 626 335
VLF (í milljónum evra)		8 823	14 938	11 614	8 673	9 491	10 075
VLF (í evrum á mann)		31 136	48 550	36 817	27 158	29 881	31 637
VLF (í kaupmáttareiningum (PPS) á mann)		26 293	30 533	31 245	27 664	27 210	27 672
VLF á mann í PPS (ESB-27 = 100)		132	121	123	118	111	110
Raunvöxtur VLF (vöxtur VLF í krónum breyting frá fyrra ári, %)		3.9	6.0	1.2	-6.6	-4.0	2.6
Fjölgun starfandi (þjóðhagsreikningar, breyting frá fyrra ári, %)		:	:	:	:	:	:
Vöxtur vinnuafslsframleiðni: vöxtur VLF á hvern starfandi (% breyting frá fyrra ári)		2.2	1.4f	0.5f	-0.8f	-3.7f	3.0f
Raunvöxtur launakostnaðar á unnið ársverk (þjóðhagsreikningar, breyting frá fyrra ári, %)		:	:	:	:	:	:
Vinnuafslsframleiðni á hvern starfandi (VLF í PPS á hvern starfandi, ESB-27 = 100)		104.0	96.5f	100.9f	100.1f	93.6f	:
Verg verðmætamyndun helstu atvinnugreina (%)							
Landbúnaður og sjávarútvegur	1) 2)	8.8	5.3	6.0	7.1	7.8	:
Iðnaður	1)	19.0	14.5	17.7	18.1	19.0	:
Byggingastarfsemi	1)	8.4	11.6	9.0	4.9	4.5	:
Þjónustustarfsemi	1)	63.9	68.6	67.3	69.9	68.7	:
Lokaneyslukostnaður sem hlutfall af VLF (%)		79.8	81.7	78.2	77.5	77.4	77.2
Verg fjármunamyndun sem hlutfall af VLF (%)		21.5	28.5	24.4	13.8	12.8	14.0
Birgðabreytingar sem hlutfall af VLF (%)		-0.3	0.5	0.2	0	-0.2	0.3
Útflutningur vöru og þjónustu sem hlutfall af VLF (%)		38.8	34.6	44.4	52.8	56.3	59.3
Innflutningur vöru og þjónustu sem hlutfall af VLF (%)		39.9	45.3	47.2	44.2	46.2	50.8

Iðnaður	Ath.	2001	2007	2008	2009	2010	2011
Magnvísitala iðngreina (2005=100)		95.5	107.9	124.5	121.3	119.0	126.5

Verðbólguástig	Ath.	2001	2007	2008	2009	2010	2011
Meðalverðbólga á ári (samræmd vísitala neysluverðs, breyting frá fyrra ári, %)		6.7	5.0	12.4	12.0	5.4	4.0

Greiðslujöfnuður	Ath.	2001	2007	2008	2009	2010	2011
Greiðslujöfnuður: heildarviðskiptajöfnuður (milljónir evra)		-381	-2 351	-2 853	-1 013	-758	-719
Viðskiptajöfnuður: vöruskiptajöfnuður (milljónir evra)		-68	-1 004	-52	523	743	600
Viðskiptajöfnuður: þjónustujöfnuður (milljónir evra)		-18	-502	-219	209	210	223
Viðskiptajöfnuður: þáttatekjur (milljónir evra)		-285	-800	-2 554	-1 693	-1 658	-1 490
Viðskiptajöfnuður: Rekstrarframlög (milljónir evra)		-11	-44	-27	-51	-53	-53
þar af opinber rekstrarframlög (milljónir evra)		-13	-41	-31	-32	-34	-31
Hrein fjárfesting erlendra aðila (milljónir evra)		-192	-2 458	3 537	-1 580	1 966	819
Fjárfesting Íslendinga erlendis (milljónir evra)		386	7 448	-2 904	1 641	-1 780	-91
þar af fjárfesting Íslendinga í löndum ESB - 27 (milljónir evra)		-224	-4 018	1 885	-1 740	1 446	-
Fjárfesting erlendra aðila á Íslandi (milljónir evra)		194	4 990	633	61	186	728
þar af fjárfesting erlendra aðila frá löndum ESB-27 á Íslandi (milljónir evra)		41	6 003	423	607	176	-

Fjármál hins opinbera	Ath.	2001	2007	2008	2009	2010	2011
Rekstrarafgangur/rekstrarhalli hins opinbera sem hlutfall af VLF (%)		-0.7	5.4	-13.5	-10.0	-10.1	-4.4
Skuldir hins opinbera sem hlutfall af VLF (%)		42.0	27.2	52.8	84.4	97.8	102.7e

Efnahagsvísar	Ath.	2001	2007	2008	2009	2010	2011
Vergar erlendar skuldir hagkerfisins í heild sem hlutfall af VLF (%)	7)	112.7	245.8	168.1	220.4	218.5	232.5
Vergar erlendar skuldir hagkerfisins í heild sem hlutfall af heildarútflutningi (%)		-0.7	5.4	-13.5	-10.0	-10.1	-4.4

Peningamagn í umferð: M1 (seðlar, mynt, eins dags innlán, milljónir evra)		811	4 688	4 257	2 976	3 074p	3 099p
Peningamagn í umferð: M2 (M1 að viðbættum innlánnum með binditíma allt að tveimur árum, milljónir evra)		1 672	7 399	8 494	5 859	5 717p	6 192p
Peningamagn í umferð: M3 (M2 að viðbættum innlánnum með binditíma allt að tveimur árum, milljónir evra)		3 922	14 053	12 758	9 316	8 950p	9 622p
Heildarútlán lánastofnana til Íslendinga (milljónir evra)	3)	:	36 359	15 410	9 724	10 527	10 999p
Vextir: dagvextir á ársgrundvelli (%)	4)	13.1	14.0	18.3	9.0	4.6	4.3
Útlánsvextir (til eins árs) á ársgrundvelli (%)	4)	12.0	15.3	22.0	11.5	5.5	5.8
Innlánsvextir (til eins árs) á árs grundvelli (%)	4)	6.7	13.3	15.0	8.5	3.5	3.8
Gengi evru: meðaltal tímabils - 1 evra = ... krónur	5)	87.490	87.600	127.460	172.670	161.890	161.424
Vísitala raungengis (2005=100)		135.0	120.2	216.4	232.8	208.0	217.3
Verðmæti gjalddeyrisforða (gull meðtalið) (milljónir evra)		400	1 771	2 533	2 696	4 322	6 606

Útanríkisviðskipti	Ath.	2001	2007	2008	2009	2010	2011
Innflutningsverðmæti: Allar vörur, öll viðskiptalönd (milljónir evra)		2 536.0	4 881.0	4 167.0	2 583.0	2959.0	3477.0
Útflutningsverðmæti: Allar vörur, öll viðskiptalönd (milljónir evra)		2 247.0	3 479.0	3 650.0	2 908.0	3478.0	3839.0
Vöruskiptajöfnuður: Allar vörur, öll viðskiptalönd (milljónir evra)		-289.0	-1 403.0	-517.0	324.0	519.0	362.0
Viðskiptakjör (vísitala útflutningsverðs / vísitala innflutningsverðs)		102.5	101.0	94.8	84.3	92.4	90.7
Hlutfall útflutnings til aðildarríkja ESB-27 af heildarverðmæti útflutnings (%)		70.0	74.6	75.9	77.6	77.4	78.3
Hlutfall innflutnings frá aðildarríkjum ESB-27 af heildarverðmæti innflutnings (%)		58.9	60.1	54.0	51.9	52.0	46.0

Mannfjöldi	Ath.	2001	2007	2008	2009	2010	2011
Náttúruleg fjölgun: Náttúruleg mannfjöldabreyting (fæðingar mínus dauðsföll) (á hverja 1000 íbúa)		8.3	8.4	9.0	9.5	9.1	7.9
Ungbarnadaði: Börn sem deyja áður en eins árs aldri er náð af hverjum 1000 lifandi fæddum.		2.7	2.0	2.5	1.8	2.2	0.9
Lífslíkur við fæðingu: karlar (ár)		78.3	79.6	80.0	79.8	79.8	79.9
Lífslíkur við fæðingu: konur (ár)		83.2	83.4	83.3	83.8	84.1	83.6

Vinnumarkaður	Ath.	2001	2007	2008	2009	2010	2011
Hlutfall starfandi (20-64): Hlutfall landsmanna á aldrinum 20-64 sem er starfandi á vinnumarkaði (%)		89.9	88.1	87.3	86.2	86.2	86.1
* Atvinnuþátttaka (20-64): Hlutfall landsmanna á aldrinum 20-64 sem stundar launaða vinnu (%)		88.6	86.7	85.3	80.6	80.3	80.6
Atvinnuþátttaka karla (20-64) (%)		93.1	91.5	89.9	83.2	83.1	83.3
Atvinnuþátttaka kvenna (20-64) (%)		83.8	81.4	80.4	77.8	77.6	77.9
Atvinnuþátttaka elstu starfsmanna (55-64): Hlutfall landsmanna á aldrinum 55-64 sem stundar launaða vinnu (%)		86.1	84.7	82.9	80.2	79.8	79.2
Hlutfall starfandi eftir atvinnugreinum (%)							
Landbúnaður		7.3	5.8	4.6	4.8	5.5	5.3
Iðnaður		16.0	11.9	12.4	12.0	11.7	12.3
Byggingastarfsemi		7.2	9.1	9.9	7.1	6.3	6.0
Þjónustustarfsemi		69.6	73.3	73.1	76.1	76.5	76.3
Atvinnuleysi: Hlutfall atvinnulausra af fólki á vinnumarkaði (%)		1.9	2.3	2.9	7.2	7.6	7.0
Atvinnuleysi meðal karla (%)		1.6	2.2	3.2	8.6	8.3	7.8
Atvinnuleysi meðal kvenna (%)		2.2	2.3	2.6	5.7	6.7	6.2
Atvinnuleysi meðal fólks undir 25 ára aldri: Hlutfall atvinnulausra af fólki undir 25 ára sem er á vinnumarkaði (%)		5.1	7.0	8.2	15.9	16.2	14.4
Langtímaatvinnuleysi: Hlutfall af fólki á vinnumarkaði sem hefur verið án atvinnu í 12 mánuði eða lengur (%)		:	0.2	0.1	0.4	1.3	1.7

Félagsleg samheldni	Ath.	2001	2007	2008	2009	2010	2011
Greidd meðallaun (krónur)		249 000.0	414 000.0	446 000.0	433 000.0	446 000.0	474 000.0
Vísitala raunlauna (vísitala greiddra launa deilt með neyslúvísitölu) (2000=100)		103.7	133.9	128.3	111.2	108.7	111.1
* Brottfall úr skóla – Hlutfall fólks á aldrinum 18-24 sem hefur enga framhaldsmenntun og stundar ekki nám eða starfsþjálfun (%)		30.9	26.3	27.6	23.4	25.9	23.1

Lífskjör	Ath.	2001	2007	2008	2009	2010	2011
Fjöldi einkabíla á hverja 1000 íbúa		:	:	:	:	:	:

Fjöldi áskrifenda að farsímapjónustu á hverja 1000 íbúa		875.2	1 059.6	1 068.3	1 095.9	1 180.6	1 212.1
---	--	-------	---------	---------	---------	---------	---------

Grunnvirki	Ath.	2001	2007	2008	2009	2010	2011
Þéttleiki járnbrautanets (leiðir sem eru í notkun, á hverja 1000 km ²)		-	-	-	-	-	-
Lengd hraðbrauta (km)		:	:	:	:	:	:

Nýsköpun og rannsóknir	Ath.	2001	2007	2008	2009	2010	2011
Útgjöld til að efla mannauðinn (opinber útgjöld til menntakerfisins í % af VLF)		7.0	7.4	7.6	7.8	7.6	7.2
* Verg innanlandsútgjöld til rannsókna og þróunarstarfs í % af VLF		3.0	2.7	2.3	3.1	:	:
Hlutfall heimila sem hafa aðgang að interneti (%)		:	84.0	88.0	90.0	92.0	93.0

Umhverfismál	Ath.	2001	2007	2008	2009	2010	2011
* Losun gróðurhúsalofttegunda, CO ₂ -ígildi (tonn, 1990=100)		108.8	130.6	141.6	134.2	129.7	:
Orkukræfni hagkerfisins (kg af olíuígildi á hverjar 1000 evrur af VLF)		342.6	:	:	:	:	:
Raforka sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum í % af heildarorkunotkun		100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0
Hluttur vegaflutninga í vöruflutningum á landi (% af tonn-km.)		:	:	:	:	:	:

Orka	Ath.	2001	2007	2008	2009	2010	2011
Frumframleiðsla allra eldneystistegunda (þúsund olíuígildistonna, TOE)		2 451	3 946	4 397	4 819	:	:
Frumframleiðsla jarðolíu (þúsund olíuígildistonna, TOE)		0	0	0	0	0	0
Frumframleiðsla steinkola og brúnkola (þúsund olíuígildistonna, TOE)		-	-	-	-	-	-
Frumframleiðsla jarðgass (þúsund olíuígildistonna, TOE)		-	-	-	-	-	-
Hreinn innflutningur allra eldsneytistegunda (þúsund olíuígildistonna, TOE)		947	:	:	:	:	:
Verg orkunotkun innanlands (þúsund olíuígildistonna, TOE)		3 397	4 912	5 235	5 645	5 588	5 624
Raforkuframleiðsla (þúsund GWh)		8.0	12.0	16.5	16.8	17.1	17.2

Landbúnaður	Ath.	2001	2007	2008	2009	2010	2011
Landbúnaðarframleiðsla, magnvísitala fyrir vörur og þjónustu (verð frá framleiðanda, fyrra ár=100)		:	:	:	:	:	:
Heildarflatarmál ræktarlands (þúsundir hektara)	6)	1326e	1332e	1334e	1335e	1336p	1336p
Búfé: Nautgripir (þúsundir gripa við lok tímabils)		70	71	72	73	74	74
Búfé: Svín (þúsundir gripa, við lok tímabils)		5	4	4	4	4	4
Búfé: Sauðfé og geitur (þúsundir gripa, við lok tímabils)		474	455	458	470	480	476
Framleiðsla og nýting mjólkur á búi (heildarmagn nýmjólkur, þúsundir tonna)		c	c	c	c	c	c
Ræktun nytjaplantna: korn (einnig hrisgrjón) (þúsundir tonna, magn eftir uppskeru)		4	11	15	17	13	10p
Ræktun nytjaplantna: sykkurófur (þúsundir tonna, magn eftir uppskeru)		-	-	-	-	-	-
Ræktun nytjaplantna: matjurtir (þúsundir tonna, magn eftir uppskeru)		:	5	5	5	5	6

: = tölur vantar

- = á ekki við

p = til bráðabirgða

f = spá

e = áætlað virði

b = vantar gögn

c = trúnaðargögn

* = vísir fyrir Evrópu 2020

Notast er við hefðbundnar merkingar á greiðslujöfnuði þegar kemur að beinni erlenda fjárfestingu (BEF). Fyrir eina erlenda fjárfestingu utanlands táknar mínusmerkið að fjárfestingar erlendis af hálfu innlands hagkerfis hafa farið fram úr eignalosun þess á tímabilinu, á meðan skortur á merki táknar að eignalosun hafi farið fram úr fjárfestingu. Fyrir beinar erlendar fjárfestingar innanlands táknar skortur á merki að fjárfestingar innanlands hafi farið fram úr eignalosun, á meðan mínusmerkið gefur til kynna að eignalosun hafi farið fram úr fjárfestingu.

Neðanmálgreinar:

- 1) 2000 - 2009, upplýsingar samkv. Nace Rev. 1.1.
- 2) 2000 - 2009, hlutur fiskveiða (fyrst og fremst úhafsveiða) af þessari tölu er 77% (árið 2008).
- 3) 2007 - 2011, lán viðskiptabanka (DMB) til íbúa og lán Seðlabankans til stofnana sem ekki eru bankar.
- 4) Árs meðaltal.
- 5) 2001 - 2010, meðalgengi á árs grundvelli og gengi við lok tímabils, skv. Seðlabanka Íslands (miðgengi).
- 6) Byggt á bráðabirgða niðurstöðum landbúnaðarrannsóknar (e. *Farm Structure Survey*).
- 7) Tölur sem safnað var árið 2011 hafa verið leiðréttar þar eð þær voru gefnar upp í þúsundum evra í stað milljóna evra.